



Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

---

# Löggæsluáætlun 2007-2011





# Efnisyfirlit:

<b>1. Inngangur</b> .....	5
<b>2. Framtíðarsýn löggæslumála á Íslandi</b> .....	6
Áherslur í öryggismálum .....	6
Hlutverk ríkislögreglustjóra .....	6
Greiningardeild ríkislögreglustjóra .....	7
Almannavarnir og aukinn viðbúnaður á hættustund .....	7
Löggæslu- og öryggismálaskóli .....	7
Landamæraeftirlit .....	8
Rannsókn efnahagsbrota .....	8
Umferðaröryggi .....	8
<b>3. Skipulag lögreglu 2007</b> .....	9
Breytingar á lögregluumdæmum .....	9
Rannsóknardeildir .....	9
Saksókn í efnahagsbrotum .....	10
Greiningardeild .....	10
Nýtt skipurit ríkislögreglustjóra .....	10
Ný skipurit lögreglustjóra .....	10
Árangursstjórnun lögreglu .....	10
<b>4. Löggæsluáætlun 2007-2011</b> .....	12
4.1 Hlutverk lögreglu .....	12
4.2 Löggæslumarkmið íslenskra stjórnvalda skv. samningi um árangursstjórnun milli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og ríkislögreglustjóra 2007-2011 .....	12
4.3 Áherslur löggæsluáætlunar .....	12
4.3.1 Almannaöryggi .....	13
Hættumat .....	13
Efling sýnilegrar löggæslu - aukin öryggistilfinning fólks .....	13
Upplýsingatækni .....	13
Greiningardeild .....	14
Sérsvæit ríkislögreglustjóra .....	14
Varalið .....	14
Þróun og endurskoðun viðbragðsáætlana .....	14
Viðbragðsáætlanir .....	15
Landamæraeftirlit .....	15
Flugvernd .....	15
Siglingavernd .....	15
Alþjóðlegt samstarf .....	16
Norræn lögreglusamvinna .....	16
Europol .....	16
Interpol .....	16
Schengen / Sirene .....	16
PTN (Politi og Told i Norden) .....	16
Atlantshafsbandalagið - NATO .....	16
Öryggisþjónustur .....	17
Bandaríska alríkislögreglan .....	17
4.3.2 Varnir gegn afbrotum .....	17
Stjórnun lögreglu liða á grundvelli upplýsinga um möguleg afbrot .....	17
Verkefnamiðuð löggæsla (VML) .....	17
Hverfislöggæsla, þjónusta og öryggi .....	18
Sáttamiðlun í opinberum málum .....	18
Börn og ungmenni .....	18
Lögregluvefurinn .....	18
Ytri vefurinn - upplýsingamiðlun til almennings .....	19
Innri vefurinn - upplýsingamiðlun til lögreglumanna .....	19
4.3.3 Rannsóknir og fækkun afbrota .....	19
Ofbeldisbrot og þolendur .....	20
Rannsóknir á ofbeldisbrotum .....	20
Fíkniefnabrot .....	20

Skipulögð glæpastarfsemi .....	20
Hraðari rannsóknir mála og styttri málsmeðferðartími .....	20
Skatta- og efnahagsbrot: saksóknari efnahagsbrota .....	21
Alþjóðlegt samstarf gegn skipulagðri brotastarfsemi, spillingu og peningabætti .....	21
Tölvubrot .....	21
Umhverfislagabrot .....	21
4.3.4 Þjónusta og samstarf .....	21
Samskipti og ímynd lögreglunnar .....	22
Viðbragðstími lögreglu .....	22
Samstarf lögreglu og sveitarfélaga .....	23
Verkaskipting .....	23
4.3.5 Innra starf lögreglunnar .....	24
Starfsumhverfi lögreglu .....	24
Starfsmannastefna lögreglunnar .....	24
Heilsa starfsmanna .....	24
Símenntun og endurmenntun starfsmanna .....	24
Starfsmenn og siðferði .....	24
Starfs- og frammistöðumat .....	25
Jafnréttisáætlun 2007 .....	25
Málefni útlendinga .....	25
Lögregluskólinn .....	25
Tæki og búnaður .....	26
<b>5. Aðferðafræði .....</b>	<b>27</b>
Úrvinnsla og gagnasöfnun .....	27
Öflun tölfræðiupplýsinga fyrir löggæsluáætlun .....	27
Samningar við lögregluembættin um árangursstjórnun .....	27
<b>6. Mælikvarðar: Löggæsluáætlun 2007-2011 .....</b>	<b>28</b>
Mælikvarðar á árangur lögreglu - matskerfi .....	29
Skilgreiningar .....	29
Tafla A: Brotaflokkar og reynsla almennings af afbrotum .....	30
Tafla B: Þjónusta og samskipti .....	31
Tafla C: Starfsemi lögreglunnar .....	33
<b>Viðaukar</b>	
Viðauki I: Tímaáætlun 2007-2011	
Viðauki II: Helstu áherslur og markmið lögreglunnar 2007-2011	
Viðauki III: Stöðumat og stefnuáætlun	

# 1. Inngangur

Í góðri samvinnu við lögregluembættin og lögreglumenn hef ég unnið að því undanfarin ár að tryggja eins vel og unnt er, að lögregla og ákærvald geti sem best sinnt mikilvægum störfum sínum. Þessi samvinna hefur skilað góðum árangri. Hér birtist enn einn ávöxtur hennar, löggæsluáætlun 2007 til 2011.

Í skýrslu verkefnisstjórnar um nýskipan lögreglumála, sem birt var í janúar 2005, er lögð rík áhersla á gildi þess, að stækkun umdæma lögreglunnar sé fylgt eftir með gerð löggæsluáætlunar. Tíunda skýrsluhöfundar mörg atriði máli sínu til stuðnings og leggja fram tillögur að efni slíkrar áætlunar. Hún sér nú dagsins ljós í fyrsta sinn.

Ég vona, að hið sama verði sagt um löggæsluáætlunina og segja má um árangurinn af því verki, sem unnið hefur verið undanfarin ár undir heitinu nýskipan lögreglumála, að afraksturinn af ferðalaginu verði jafnvel meiri og betri en ætlað var, þegar lagt var af stað.

Löggæsluáætlun 2007-2011 mun sæta árlegri endurskoðun, þótt hún breytist ekki í meginatriðum. Miðað er við að hvert lögregluembætti marki sér eigin leiðir til þess að ná fram markmiðum áætlunarinnar. Embætti ríkislögreglustjóra mun í umboði ráðuneytisins gera samning um árangursstjórnun við hvert lögregluembætti í landinu fyrir árslok 2007. Löggæsluáætlun 2007-2011 er ætlað að veita leiðsögn um hvernig lögregluyfirvöld geta með góðum árangri tekist á við þau fjölbreyttu og krefjandi úrlausnarefni sem lögreglan glímur við.

Í áætluninni er ekki aðeins tekið á verkefnum lögreglu út á við heldur einnig litið til innra starfs lögreglu og starfsumhverfis lögreglumanna. Miklu skiptir að tryggja góðan starfsanda meðal lögreglumanna, treysta öryggi þeirra við hættumikil störf og sjá til þess, að fyrir hendi séu hæfileg stuðningsúrræði til að stuðla að sem bestri líðan, þrátt fyrir glímu við erfið verkefni.

Virðing fyrir störfum lögreglunnar er mikil meðal þjóðarinnar. Hún sprettur ekki af sjálfu sér, heldur á rætur að rekja til þess, að lögreglumenn vinna störf sín af alúð og árvekni. Í trausti þess, að svo verði enn um langan aldur, er áætlun þessi samin með öryggi lands og þjóðar að leiðarljósi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 4. maí 2007*

*Björn Bjarnason*

## 2. Framtíðarsýn löggæslumála á Íslandi

Á grundvelli löggæsluáætlunar 2007-2011 og árangursstjórnunarsamninga ríkislögreglustjóra við einstök lögregluembætti verður tekist á við löggæslumálefni á markvissan og öflugan hátt. Lögð verður áhersla á að:

- Lögregla njóti almenns trausts og trúverðugleiki hennar verði ekki dreginn í efa.
- Lögregla tryggi öryggi borgaranna og stöðugleika í samfélaginu með aukinni samhæfingu og samvinnu milli lögregluembættanna.
- Lögreglu sé búið öruggt starfsumhverfi.
- Löggæsla byggist á skýrum lagaheimildum og áreiðanlegu greiningar- og rannsóknarstarfi.
- Lögreglulið sé vel menntað og velþjálfað til þess að takast á við krefjandi verkefni.
- Lögregla sé vel í stakk búin til þess að taka þátt í samstarfi innlendra og erlendra öryggisstofnana.

### Áherslur í öryggismálum.

Áherslur í öryggismálum miða að árangri lögreglu, góðri nýtingu fjármuna og öryggi borgaranna.

Áhersla í öryggismálum Íslands hefur flust frá landvörnum í hefðbundnum skilningi þess orðs til heimavarna, þar sem borgaralegar stofnanir, koma sífellt meira til sögunnar. Landvarnir Íslands eru í höndum Bandaríkjamanna á grundvelli samkomulags við Bandaríkin frá september 2006 og varnarsamningsins frá 1951. Íslensk stjórnvöld hafa hins vegar tekið á sig ríkar öryggisskyldur, sem hvíla mest á lögreglu og landhelgisgæslu.

Í samkomulaginu við Bandaríkin er lagt á ráðin um samvinnu íslenskra löggæsluyfirvalda, lögreglu og landhelgisgæslu, við bandarísku strandgæsluna, alríkislögregluna, tollgæslu og landamæraverði. Sé litið til samstarfs Evrópuríkja er þróunin hin sama. Innan ramma Schengensamstarfsins er sífellt meiri áhersla lögð á lögreglusamvinnu í þágu aukins öryggis. Löggæsla á Norðurlöndunum og raunar í flestum löndum Evrópu hefur tekið verulegum breytingum á undanförunum árum. Áhersla hefur verið lögð á stærri og öflugri einingar, á varnir gegn hryðjuverkum, skipulagðri glæpastarfsemi, peningabætti og fíkniefnabrotum.

Borgaralegir þættir öryggis- og varnarmála miða að því að tryggja öryggi í fjarskiptum, upplýsingatækni, samgöngum og viðskiptum, treysta ytri landamæri, koma í veg fyrir að hættu- eða upplausnarástand skapist vegna skipulagðrar glæpastarfsemi, hryðjuverka og ólögmætra innflytjenda, og koma í veg fyrir að lönd verði griðastaður fjármálamisferla eða hvers konar illvirkja.

Hér gegnir lögregla lykilhlutverki. Búa verður lögreglu og þeim stofnunum, sem að þessum öryggisþáttum koma, þann starfsgrundvöll, að þær hafi burði til þess að takast á við krefjandi verkefni í samstarfi við systurstofnanir sínar heima og erlendis.

### Hlutverk ríkislögreglustjóra

Embætti ríkislögreglustjóra hefur tekið breytingum í takt við þróunina í þjóðfélaginu frá stofnun embættisins. Má þar nefna aukna áherslu á alþjóðasamstarf einkum vegna þátttöku í Schengensamstarfinu, stofnun og styrkingu sérsveitar, styrkingu almannavarna og stofnun greiningardeildar. Fækkun og stækkun lögregluumdæma eflir löggæslu í landinu og samhæfir lögregluliðin nánar en áður og samræmir þannig betur aðgerðir og þjónustu við borgarana í landinu.

Á grundvelli árangursstjórnunarsamnings á milli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og ríkislögreglustjóra verða árangursstjórnunarsamningar gerðir á milli ríkislögreglustjóra og lögreglu-

stjórnanna fimmtán í landinu. Árangursstjórnun lögreglu er því að stórum hluta færð til ríkislögreglustjóra og stjórnunarleg ábyrgð hans þar með aukin.

### **Greiningardeild ríkislögreglustjóra**

Greiningardeild ríkislögreglustjóra starfar á landsvísu. Miðar starfsemi hennar að því að tryggja öryggi ríkisins og samræma starfsemi lögreglu til þess að sporna gegn skipulagðri glæpastarfsemi, ógn af hryðjuverkum og öfgahópum, njónastarfsemi og hverju því sem varðar öryggi ríkisins og krefst alþjóðlegs samstarfs og áhættugreiningar.

Með stofnun greiningardeildar ríkislögreglustjóra var stigið mikilvægt skref til þess að tryggja íslenskum yfirvöldum lögheimildir til náins samstarfs við stjórnvöld og alþjóðastofnanir, þar sem skipst er á trúnaðarupplýsingum. Íslenskur tengifulltrúi ríkislögreglustjóra starfar í höfuðstöðvum Europol í Haag.

Öflun og úrvinnsla allra upplýsinga um öryggismál, hvort sem þær koma frá NATO eða öðrum, verður samhæfð á vegum ríkislögreglustjóra og landhelgisgæslu.

Greiningardeild ríkislögreglustjóra mun eiga náið samstarf við einstök lögregluembætti og veita þeim aðstoð.

Leitast verður við að tryggja þátttöku Íslands í samstarfi Evrópusambandsins (ESB) í baráttu þess gegn hryðjuverkum m.a. í samstarfi við aðgerðamiðstöð ESB í Brussel og samtök landsbundinna öryggisstofnana aðildarríkja Evrópusambandsins, Noregs og Sviss. Í því skyni verður hugað að því að koma á laggirnar öryggis- og greiningarþjónustu með heimildir til að hefja rannsókn mála, án þess að fyrir liggi rökstuddur grunur um, að afbrot hafi verið framið, auk þess sem alþingi kysi menn til eftirlits með starfseminni.

### **Almannavarnir og aukinn viðbúnaður á hættustund**

Ríkislögreglustjóri og einstök lögregluumdæmi skulu í samvinnu við sveitarfélög og aðra viðbragðsaðila tryggja fullnægjandi almannavarnarviðbrögð á hættustundu og taka þátt í aðgerðum undir stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar.

Ný lög um almannavarnir taka mið af hinum nýju áherslum í öryggismálum þjóðarinnar í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006 vegna brottfarar varnarliðsins.

Stefnt er að því að veita dóms- og kirkjumálaráðherra heimild til þess stofna varalið lögreglu. Liðið mætti kalla til varðgæslu mikilvægra mannvirkja eða staða, landamæragæslu, verkefna vegna öryggisgæslu, mannfjöldastjórnunar, almennra löggæsluverkefna, umferðarstjórnar og sérstakra verkefna í samstarfi við sérsveit ríkislögreglustjóra, mannfjöldastjórnunarlið lögreglu og almenna lögreglu.

### **Löggæslu- og öryggismálaskóli**

Ríkari kröfur verða gerðar til menntunar lögreglumanna til þess að takast á við sérhæfðari rannsóknir en áður, tölvubrot og eftirlit með útlendingum. Unnið er að því að auka þjálfun lögreglumanna hjá erlendum samstarfsaðilum.

Lögregluskóli ríkisins vinnur með ráðuneytinu að gerð tillagna um mótun og uppbyggingu alhliða löggæslu- og öryggismálaskóla og að þarfagreiningu á húsnæði fyrir hann. Undir merkjum skólans má styrkja samstarf lögreglu, tollayfirvalda, landhelgisgæslu, fangavarða og öryggisvarða og jafnframt huga að sérhæfðu námi fyrir lögreglumenn, eftir atvikum á háskólastigi.

### **Landamæraeftirlit**

Starf lögreglu við gæslu ytri landamæra og eftirlit með komu fólks til landsins verður eft í náinni samvinnu allra stofnana lögreglu og tollgæslu auk sérstakrar öryggisgæslu þar sem hennar er þörf.

Samvinna lögreglu, tollgæslu og öryggisvarða við gæslu ytri landamæra hvort heldur er á flugvöllum eða við hafnir, er mikilvægur hlekkur í öryggismálum landsins.

### **Rannsókn efnahagsbrota**

Rannsóknir umfangsmikilla efnahagsbrota hjá lögreglu verða skilvirkari og málsmeðferð verður styttil muna.

Hugað verður að hagkvæmni þess að sameina eftirlits- og rannsóknarstofnanir ýmissa sviða fjármála-markaðarins í eina sjálfstæða einingu er annist rannsókn og saksókn efnahagsbrota, skattrannsóknna, samkeppniseftirlitis og eftir atvikum fjármálaeftirlitis. Með því móti yrði unnt að rannsaka mismunandi þætti með viðeigandi sérþekkingu hverju sinni og marka málum mismunandi farveg eftir því hvort um er að ræða stjórnsluviðurlög eða ákærumeðferð. Málsmeðferðartími ætti að styttest verulega og línur verða skýrari hvað varðar valdmörk og eðli viðurlaga.

Með skilvirkum rannsóknum og öflugu alþjóðlegu samstarfi verði komið í veg fyrir að Ísland verði griðastaður fyrir þá sem stunda fjármálamisferli, peningabætti eða hvers konar glæpi.

### **Umferðaröryggi**

Markmið lögreglunnar ásamt samstarfsaðilum er að koma í veg fyrir umferðarlagabrot og fækka umferðarslysum samkvæmt umferðaröryggisáætlun 2002-2012. Lögreglan vinnur að þeim markmiðum sem sett eru með áætluninni.

Lögreglan stefnir að því að auka löggæslu með sjálfvirkum hraðamyndavélum og koma upp fleiri hraðaeftirlitsmyndavélum á þjóðvegum landsins. Lögreglan mun kanna hvort eigi að nýta einhvern hluta þessara myndavéla sem svokallaðar gáttarmyndavélar, sem mæla ferðahraða milli tveggja staða.




### 3. Skipulag lögreglu 1. janúar 2007

Breytingar sem urðu á skipan löggæslumála 1. janúar 2007 styrkja lögregluna. Með stækkun lögregluumdæma hefur sveigjanleiki í löggæslu aukist og hægt er að veita betri þjónustu en áður. Lögreglu hefur verið settur skýr starfsrammi með setningu nýrra reglugerða og samþykkt nýrra skipurita fyrir þau lögregluembætti sem stækkuðu. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

#### Breytingar á lögregluumdæmum

Lögregluumdæmum var fækkað úr 26 í 15. Einnig var lögreglustjórum lagt fyrir að stuðla að samræmdu vaktkerfi lögreglumanna innan síns umdæmis og næstu umdæma. Markmiðið með því er að auka löggæslu. Breytingin á lögregluumdæmunum leiðir ekki til þess að lögreglustöðvum sé lokað.

Mynd 1: Umdæmaskipan lögreglu



#### Rannsóknardeildir

Komið var á sjö sérstökum rannsóknardeildum. Markmiðið er að efla nauðsynlega þekkingu og sérhæfingu í rannsóknum. Sérstakar rannsóknardeildir eru nú starfræktar við eftirtalin lögregluembætti:

- 1) lögregluembættið á höfuðborgarsvæðinu,
- 2) lögregluembættið á Akranesi,
- 3) lögregluembættið á Vestfjörðum,
- 4) lögregluembættið á Akureyri,
- 5) lögregluembættið á Eskifirði,
- 6) lögregluembættið á Selfossi,
- 7) lögregluembættið á Suðurnesjum.

Lögreglustjórar í þessum umdæmum bera ábyrgð á rannsókn stórra og flókinna mála og saksókn í þeim. Í samræmi við ákvæði laganna og tillögur ríkissaksóknara gaf dóms- og kirkjumálaráðherra, í lok desember 2006, út reglugerð nr. 1130/2006 um stjórn lögreglurannsókna, rannsóknardeildir og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála.

Rannsóknardeildirnar annast rannsókn meiri háttar brota, s.s. manndrápa, rána, kynferðisbrota, alvarlegra fíkniefnabrota, alvarlegra líkamsárása, alvarlegra fjármunabrota, alvarlegra slysa og meiri háttar eldsvoða. Auk þess skulu rannsóknardeildir annast rannsókn brota telji lögreglustjóri, þar sem brot er framið, að rannsókn þess verði umfangsmikil og taki langan tíma.

Smærri mál er koma til kasta lögreglunnar verða nú leyst fyrir í ferlinu en áður. Almenna reglan er sú að lögreglan leysir þessi mál innan almennra deilda, þ.e. þeim er ekki vísað í sérstakar rannsóknardeildir.

### **Saksókn í efnahagsbrotum**

Í desember 2006 gaf dóms- og kirkjumálaráðherra gaf út reglugerð nr. 1050/2006 um rannsókn og saksókn efnahagsbrota. Saksóknari efnahagsbrota er skipaður til starfa hjá ríkislögreglustjóranum og stjórnar rannsókn efnahagsbrota. Saksóknarinn annast ákærvald ríkislögreglustjórans vegna efnahagsbrota en ber faglega ábyrgð gagnvart ríkissaksóknara. Saksóknari efnahagsbrota og lögreglustjórar geta samið um að skipa rannsóknarhóp vegna einstakra mála með mönnum frá saksóknaranum og frá viðkomandi lögregluumdæmi.

### **Greiningardeild**

Greiningardeild við embætti ríkislögreglustjóra var stofnuð 1. janúar 2007. Henni er ætlað að rannsaka landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggja mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi.

### **Nýtt skipurit ríkislögreglustjóra**

Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur staðfest nýtt skipurit fyrir embætti ríkislögreglustjóra. Meginatriðið í skipulagsbreytingum hjá ríkislögreglustjóra er eftirfarandi:

Fækkun sviða úr fimm í þrjú. Þau eru:

- a. *Löggæsla og öryggi*, fer með löggæslu og öryggismál.
- b. *Stjórnsýsla*, fer með stjórnsýslu og samræmingu lögreglu.
- c. *Rekstur*, fer með rekstur embættisins og rekstur upplýsingakerfa lögreglu.


Fjárframlög til lögreglunnar þ.e. ríkislögreglustjóra, lögreglu höfuðborgarsvæðisins, lögregluembætta og löggæsluþáttar sýslumanna er um 6,4 milljarðar króna á ári, og hefur vaxið um 2,5% á ári sl. 5 ár.

### **Ný skipurit lögreglustjóra**

Við breytingar á fjölda lögregluumdæma var öllum lögregluembættum er sættu breytingum sett ný skipurit í ársbyrjun 2007.

### **Árangursstjórnun lögreglu**

Dóms- og kirkjumálaráðherra skrifaði undir árangursstjórnunarsamning við embætti ríkislögreglustjóra hinn 21. mars 2007. Í samningnum kemur fram að meginhlutverk ríkislögreglustjóra er að leiða lögregluna í landinu og standa vörð um öryggi borgaranna. Ríkislögreglustjóri fer með daglega yfirstjórn lögreglu og almannavarna í landinu í umboði dóms- og kirkjumálaráðherra. Jafnframt er ríkislögreglustjóra falið að gera drög að löggæsluáætlun til dóms- og kirkjumálaráðherra.



**Mynd 2. Verkaskipting lögreglumála**

Ríkislögreglustjóra er falið að gera árangursstjórnunarsamninga við einstaka lögreglustjóra. Hver samningur skal, á grundvelli löggæsluáætlunar, mótaður af því umdæmi sem á í hlut og þannig er gert ráð fyrir því að markmið lögreglunnar séu þau sömu alls staðar en engu að síður er gert ráð fyrir því að áhersla á mismunandi málaflokka geti verið ólík milli umdæma. Á grundvelli samræmdrar afbrotatölfræði er hægt að draga upp sértæk staðbundin verkefni og stýra löggæslu til samræmis við það. Lögreglustjórar hafa umsjón með frákvæmd löggæsluáætlunar í héraði og vinna að henni með lögreglumönnum.

## 4. Löggæsluáætlun 2007-2011

Í löggæsluáætlun er gerð grein fyrir stefnu lögreglunnar þar sem tekið er mið af því hvaða verkefni verða efst á baugi í starfi hennar í nánustu framtíð. Reynsla, þróun afbrota hin síðari ár, rannsóknir, greiningar á hegðun afbrotamanna og nýir brotaflokkar með nýrri tækni eru meðal þeirra þátta sem teknir hafa verið til skoðunar við útfærslu löggæsluáætlunar.

Löggæsluáætlun tekur mið af 1. gr. lögreglulaganna. Hún endurspeglar einnig áherslur í árangursstjórnunarsamningi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og ríkislögreglustjóra.

### 4.1 Hlutverk lögreglu

Stefnu íslenskra stjórnvalda í löggæslumálum má finna í fyrstu grein lögreglulaga nr. 90/1996. Þar er lögreglu falið að:

1. gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi,
2. stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins,
3. vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð opinberra mála eða öðrum lögum,
4. greiða götu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta steðjar að,
5. veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirmælum laga eða venju eftir því sem þörf er á,
6. starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu,
7. sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin í lögum eða leiðir af venju.

### 4.2 Löggæslumarkmið íslenskra stjórnvalda skv. samningi um árangursstjórnun milli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og ríkislögreglustjóra 2007-2011

1. Tryggja öruggt samfélag.
2. Fækka afbrotum, einkum ofbeldis- og fíkniefnabrotum.
3. Efla þjónustu lögreglunnar þannig að hún geti brugðist við breytilegum þörfum samfélagsins og einstaklinga.
4. Styrkja rannsóknir mála. Leggja áherslu á að auka gæði rannsókna og hraða vinnslu mála. Áhersla skal lögð á að sinna vel þolendum afbrota og vitnum.
5. Efla rannsóknir á sviði umfangsmikilla efnahagsbrota sem og á beitingu rafrænna aðferða við framkvæmd brota.
6. Vinna í samstarfi við aðra að því að stemma stigu við síbrotum og vinna markvisst að forvörnum í þeim tilgangi að fækka ungum afbrotamönnum.
7. Gera ráðstafanir, ásamt lögreglustjórum, til að auka öryggi og öryggistilfinningu almennings með sýnilegri löggæslu.
8. Berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi.
9. Efla þekkingu og hæfni lögreglunnar til þess að gæta almannaoýggis og gera lögreglu hæfari til þess að bregðast við á hættustundu.
10. Stuðla að nánú samstarfi við nágrannaþjóðir á sviði löggæslu.

### 4.3 Áherslur löggæsluáætlunar

- Samræmi sé í störfum lögreglu hvar sem er á landinu.
- Áherslur í löggæslustörfum taki mið af áhættugreiningu t.d. vegna hættu á hryðjuverkum, skipulagðri glæpastarfsemi og síbrotastarfsemi.

- Gerðar verði viðbragðsáætlanir um land allt og þær sæti reglulegri endurskoðun.
- Efling forvarna með samstarfi allra aðila réttarvörslukerfisins og samfélagsins alls, í því skyni að fækka markvisst afbrotum.
- Lögregla starfi á grundvelli skýrrar upplýsingastefnu þar sem lögð er áhersla á öryggi miðlægra upplýsingagrunna lögreglu og samræmda afbrotatölfræði lögreglu.
- Stöðugt sé unnið að umbótum í starfsumhverfi lögreglunnar.
- Árangur af starfi lögreglunnar sé metinn reglulega.

#### 4.3.1 Almannaöryggi

Meginhlutverk lögreglunnar er að gæta almannaöryggis. Til þess að tryggja almannaöryggi er lögð áhersla á eftirfarandi þætti:

##### Hættumat

Hættumat hérlendis hefur einkum beinst að náttúruhamförum eða slysum. Ógnir vegna tæknilegra bilana á ýmsum grunnkerfum eru taldar hinar sömu hér og í nágrannalöndunum. Hættan á skaða af mannavöldum er svipuð eða minni en annars staðar á Norðurlöndunum. Tryggja verður nægan viðbúnað til þess að takast á við slíka atburði.

Samfélagið er mun viðkvæmara fyrir ýmsum skaða en áður vegna mikilla tækniframfara og aukinnar alþjóðavæðingar. Kröfur til stjórnvalda um að tryggja vernd almennings hafa aukist á síðustu árum. Áætlanir og viðbúnaður hérlendis þurfa því að beinast að náttúruhamförum, stórslysum, þar með töldum stórfelldum mengunarslysum, tæknilegum bilunum mikilvægra veitukerfa, skipulagðri glæpa-starfsemi, hryðjuverkaógn og ógn er beinist að rafrænum samskiptakerfum (cyber crime).

Lögreglunni ber að  **tryggja öryggi ríkisins á sviði löggæslu og almannavarna**. Í því felst að hafa forgöngu um og gera ráðstafanir á sviði almannavarna og tryggja öryggi íslenska ríkisins og borgara þess.

Sérstök áhersla er lögð á eftirfarandi þátt:

- Ráðstafanir til að auka öryggi og öryggistilfinningu almennings með sýnilegri löggæslu og vönduðum viðbragðsáætlunum.

##### Efling sýnilegrar löggæslu – aukin öryggistilfinning fólks

Á undanförunum árum hefur fjöldi lögreglumanna á hverjum stað helst verið miðaður við fjölda íbúa. Slíkt viðmið getur þó aldrei verið fullnægjandi eitt og sér. Taka verður tillit til annarra þátta, svo sem stærðar umdæma, veðurfarslegra aðstæðna, vegalengdar þjóðvegakerfisins innan umdæmis, legu byggða og fjarlægða innan umdæmis. Þá verður að taka mið af breyttri þjóðfélagsgerð og breyttum lífsháttum.

##### Upplýsingatækni

Upplýsinga- og fjarskiptatækni leikur lykilhlutverk í nútímalöggæslu. Það er brýnt að tryggja hámarksöryggi upplýsinga sem lögreglu er treyst fyrir, að gætt sé trúnaðar um þær, að þær séu réttar og tiltækar þegar á þarf að halda. Markmið lögreglunnar er að fækka sértækum og sérstæðum lausnum í rekstri lögreglunnar. Stefnt er að því að öll hugbúnaðarkerfi lögreglunnar verði rekin miðlægt í árslok 2010.

Unnið er að því að gera upplýsingar lögreglunnar sem aðgengilegastar fyrir lögreglumenn sem starfa á vettvangi. Markmiðið er að flytja upplýsingar og vinnslu frammar í ákvörðunar- og þjónustuferil lögreglunnar. Unnið er að endurskipulagningu á vef lögreglunnar með það fyrir augum að vefurinn geti betur komið til móts við þarfir almennings og starfsmanna en nú. Stefnt er að því að innleiða vef sem gerir ráð fyrir gagnvirkum samskiptum við upplýsingakerfi lögreglunnar. Nýr vefur verði kominn í rekstur fyrir desember 2007.

Gert er ráð fyrir því að unnt verði að sækja um ýmis leyfi hjá lögreglu með rafrænum hætti sem uppfyllir kröfur stjórnsýslunnar. Verkinu verður lokið fyrir árslok 2007. Jafnframt er unnið að innleiðingu á nýju málaskrárkerfi fyrir stjórnsýsluleg erindi lögreglunnar. Öll lögreglulið verði komin í sameiginlegt málaskrárkerfi fyrir árslok 2008. Öll ofangreindra verkefna hafa það að markmiði að auka sýnilega löggæslu með því að draga úr því að vinnsla mála sé bundin starfsstöðvum lögreglu-manna.

### **Greiningardeild**

Liður í nauðsynlegum fyrirbyggjandi ráðstöfunum á sviði öryggismála er starfræksla greiningardeildar sem sinni móttöku, söfnun, flokkun og úrvinnslu upplýsinga. Áhættumat sem er grundvöllur að hækkuðu vástigi og auknum viðbúnaði lögreglufirvalda byggist á söfnun, greiningu og mati á upplýsingum sem gefið geta tilefni til ýmissa fyrirbyggjandi ráðstafana, svo sem aukinnar öryggis-gæslu mikilvægra staða eða eftir atvikum að hafnar verði formlegar lögreglurannsóknir.

Greiningardeildin annast áhættumat vegna landamæravörslu, siglingaverndar og flugverndar og miðlar upplýsingum reglulega til viðeigandi samstarfsaðila. Þá mun greiningardeild árlega gefa út skýrslu um stöðu mála hérlendis, sérstaklega hvað varðar skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkahættu.

### **Sérsvait ríkislögreglustjóra**

Sérsvait embættis ríkislögreglustjóra hefur verið stórefld og í henni eru nú 45 manns en ráðgert er að 52 manns verði í sveitinni fyrir árslok 2008. Brýnt er að efla tækjabúnað sérsvaitarinnar.

Sérsvait ríkislögreglustjóra mun starfa í nánú samstarfi við einstök lögregluembætti eftir því sem þörf er á og veita þeim liðstyrk í erfiðum málum.

### **Varalið**

Daglegur viðbúnaður lögreglu byggist á hefðbundinni starfsemi hennar. Um lágmarks mannafla er að ræða til þess að mæta daglegum verkefnum. Sérstakar aðstæður, svo sem vegna öryggismála, kalla á að tímabundið getur þurft að stórfjölga lögreglumönnum við störf. Opinberar heimsóknir, fjölmennir alþjóðlegir fundir, margvíslegt almannavarnaástand og önnur slík verkefni kalla í reynd á fleiri lögreglumenn en hægt er að tefla fram hérlendis. Löggæsla og öryggismál eru við slíkar aðstæður í höndum lögreglu og viðbúnaður kallar á mikla skipulagningu og umfangsmiklar aðgerðir af hennar hálfu.

### **Þróun og endurskoðun viðbragðsáætlana**

Í hverju lögregluumdæmi mun fara fram áhættuskoðun. Hún er byggð á einföldu verklagi þar sem skilgreind áhætta í umdæminu er skoðuð og metin á huglægan hátt. Tekið er tillit til áhrifa hugsanlegra atburða á líf og heilsu íbúa, efnahag og umhverfi og félagslegra afleiðinga þeirra. Með framkvæmd áhættuskoðunar er lagt mat á þörfina fyrir gerð viðbragðsáætlana og forgangsröðun þeirra. Áætlað er að ljúka áhættuskoðun í öllum umdæmum fyrir lok nóvember 2007.

Embætti ríkislögreglustjóra mun endurskoða reglulega allar neyðaráætlanir almannavarna. Liður í því er að lögreglustjórar, í samráði við embætti ríkislögreglustjóra, framkvæma hættumat og áhættugreiningu vegna löggæsluumdæma sinna. Gera skipulega grein fyrir þeirri vá sem fyrir hendi er og meta umfang hugsanlegra atburða og líkindi á að þeir verði. Skilgreina eðli hættu, hættusvæði og meta vá fyrir líf og limi fólks, hvort heldur er vegna náttúruhamfara, slysa eða atburða sem stafa af ógn eða hryðjuverkum.

Á grundvelli hættumats og áhættugreiningar skulu lögreglustjórar semja staðbundnar viðbragðs-áætlanir í samvinnu við almannavarnanefndir og embætti ríkislögreglustjóra. Skilgreina skal þá atburði sem áætlunin tekur til og viðbragðsáætlanir skulu vera stuttar greinargóðar áætlanir sem taka til fyrstu viðbragða og útkallsupplýsinga fyrir sérstök tilgreind tilfelli. Annars vegar er um að ræða boðunar-áætlun þar sem fram kemur hverja skal boða eða aðvara og útkallsupplýsingar og hins vegar sérstakur gátlisti yfir fyrstu viðbrögð sem nauðsynlegt er að grípa til.

### *Viðbragðsáætlanir*

Út frá niðurstöðum áhættuskoðunar skal gera viðeigandi viðbragðsáætlanir í hverju umdæmi. Lögreglan kemur að gerð viðbragðsáætlana og leiðir þá vinnu ef við á. Eins skal gera viðbragðsáætlanir eftir því sem embætti ríkislögreglustjóra ákveður ef þær eiga við fleiri en eitt umdæmi eða ef ríkislögreglustjóri gerir samninga þar um. Þetta eru t.d. viðbragðsáætlanir á öllum áætlunarflugvöllum landsins samkvæmt samningi við Flugmálastjórn og viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldursinflúensu samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

- Viðbragðsáætlanir skal æfa þegar þær hafa verið gerðar og uppfæra þær að loknum æfingum. Þær skal einnig endurskoða a.m.k. á fimm ára fresti en þær skal uppfæra eins oft og þurfa þykir og alltaf eftir að áætlanirnar hafa verið virkjaðar eða æfðar.

### **Landamæraeftirlit**

Með breytingum sem gerðar verða á Schengensvæðinu um áramótin 2007–2008 verður aðhald með útlendingamálum aukið. Samræmdar eftirlitsaðgerðir allra lögregluumdæma verða eflaðar og samstarf við aðrar stofnanir sem koma að málum útlendinga. Styrkleiki greiningardeildar ríkislögreglustjóra og einstakra lögregluembætta á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum, Seyðisfirði og á Akureyri verði nýttur í þessu skyni.

Fyrirkomulag við framsal útlendinga verður bætt og unnið að öðrum málum sem oft koma fyrst á borð lögreglu en þurfa samt einnig meðferð hjá öðrum stofnunum.

Breytingarnar á Schengensvæðinu gera nýjar kröfur til starfsemi alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra um aðstoð við önnur lögregluumdæmi. Nauðsynlegt er að halda áfram þjálfun löggæslumanna til landamæraeftirlits og eftirlits með útlendingum í landinu.

Íslensk lögregluþyriföld munu fylgjast vel með þróun mála innan Landamærastofnunar Evrópu, FRONTEX.

### *Flugvernd*

Samkvæmt flugverndaráætlun Íslands er sérstök ábyrgð lögreglunnar á sviði flugverndar á alþjóðaflugvöllum/landamærastöðvum eftirfarandi:

- Að koma í veg fyrir og upplýsa afbrot eða tilraunir til brota á flugvöllum og gegn loftförum, m.a. með áhættugreiningu og söfnun upplýsinga.
- Að hafa eftirlit með komu-/brottfararfarþegum sem gætu ógnað flugstarfsemi, samanber ákvæði lögreglulaga og laga um meðferð opinberra mála.
- Að þjálfa lögreglumenn í flugverndaraðgerðum.

Einnig er kveðið á um að lögreglustjórar, í samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra og Flugmálastjórn, skuli gera neyðaráætlanir til varnar og hindrunar á flugránum, skemmdarverkum, sprengihótunum, árásum og almennu uppþoti.

### *Siglingavernd*

Gerðar hafa verið breytingar á alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu sem fela í sér skuldbindandi ráðstafanir á sviði siglingaverndar að því er varðar aðgerðir til að koma í veg fyrir hryðjuverk og ógnanir. Til þess að uppfylla skuldbindingar Íslands voru sett lög á Alþingi 15. maí 2004 sem komu til framkvæmda 1. júlí sama ár. Embætti ríkislögreglustjóra hefur það hlutverk að ákveða vástig um borð í skipum og í höfnum að höfðu samráði við Siglingastofnun og Landhelgisgæsluna. Ríkislögreglustjóri mælir fyrir um nauðsynlegar verndarástafanir af hálfu lögreglu.

## **Alþjóðlegt samstarf**

Lögreglan á Íslandi á í margvíslegu samstarfi við lögregluyfirvöld í Evrópu, Bandaríkjunum og þó sérstaklega á Norðurlöndum. Lögreglan nýtur ávinnings af alþjóðlegu löggæslusamstarfi og hefur embætti ríkislögreglustjóra unnið að því að treysta þau bönd enn frekar við Europol og Interpol, sem eru lykilsamstarfsaðilar lögreglunnar á alþjóðavettvangi. Má einnig nefna samtök eins og Baltic Sea Task Force, sem er samstarfsvettvangur Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, auk þess sem samningar eru í gildi um almannavarnamál milli Norðurlandanna og ESB-ríkja.

## **Norræn lögreglusamvinna**

Ríkislögreglustjóraembætti á Norðurlöndunum eiga margvíslegt samstarf og í gildi er sérstakur samstarfssamningur um lögreglusamvinnu. Haldnir eru fundir ríkislögreglustjóra og aðstoðarríkislögreglustjóra á Norðurlöndum, auk samstarfsfunda um sérstök málefni, svo sem um almenna löggæslu, umferðarlöggæslu, sérsveitarmálefni, öryggislöggæslu, tækja- og búnaðarmál, tölvumál og upplýsingatækni, ID-kennslanefndir o.fl. Lögreglan á Íslandi mun standa fyrir samnorrænni æfingu um hryðjuverkavarnir árið 2008 og verður þetta í þriðja sinn sem slík æfing er haldin. Markmiðið er að styrkja samvinnu Norðurlandanna á þessu sviði með því að samhæfa hryðjuverkaviðbúnað landanna.

## **Europol**

Evrópulögreglan Europol er sú löggæslustofnun Evrópusambandsins sem fæst við upplýsingamál í sambandi við rannsóknir glæpamála. Gerður var samstarfssamningur milli Íslands og Europol árið 2002 og komið hefur verið á beinlínusambandi við aðalstöðvar stofnunarinnar. Frá og með 1. febrúar 2007 hefur lögreglan á Íslandi tengifulltrúa hjá Europol, sem auðveldar öll samskipti lögreglunnar hér á landi við Europol.

## **Interpol**

Alþjóðasamtök sakamálaögreglu, Interpol, hafa það að markmiði að efla samvinnu í lögreglumálum milli landa og samræma reglur um framsal sakamanna. Ísland hefur verið þátttakandi í Interpol-samstarfinu frá 1971 og er landsskrifstofa Interpol hluti af alþjóðadeild ríkislögreglustjóra. Lögreglan á Íslandi er ekki með fulltrúa hjá aðalskrifstofu Interpol en stefnt er að því að svo verði fyrir árslok 2009.

## **Schengen / Sirene**

Í alþjóðadeild ríkislögreglustjóra er starfrækt SIRENE-skrifstofa en ein slík skrifstofa er í hverju aðildarríki Schengensamningsins. Um hana fara öll samskipti lögreglu vegna samningsins, s.s. gagnkvæm aðstoð í sakamálum og þegar lýst er eftir brotamönnum, fólki sem saknað er, stolnum munum, fölsuðum skilríkjum o.s.frv. Lögreglunni er tryggður leitaradgangur að SIS-kerfinu (Schengen Information System) þar sem framantalin samskipti eru skráð og eru u.þ.b. 250 útstöðvar í landinu. Hins vegar er eingöngu hægt að skrá íslenskar upplýsingar í SIS-kerfið á SIRENE-skrifstofunni sjálfri og um hana fara öll samskipti við lögregluyfirvöld annarra Schengen-ríkja í þessum málaflokki.

## **PTN (Politi og Told í Norden)**

PTN-tengslanetið lýtur að samstarfi lögreglu- og tollfyrvalda á Norðurlöndum. Samstarfið byggist m.a. á svonefndu sambandsmannakerfi sem felst í því að Norðurlönd hafa sent 35 sambandsmenn til 16 landa, ýmist frá lögreglu eða tollfyrvöldum. Sambandsmenn þessir vinna fyrir öll Norðurlöndin og miðla upplýsingum um brotastarfsemi að beiðni þeirra. Lögreglan á Íslandi hefur notið góðs af þessu samstarfi en eins og staðan er í dag þá hefur Ísland engan sambandsmann. Ætlunin er að bæta úr því á næstu árum og verður það gert í samstarfi við hin Norðurlöndin.

## **Atlantshafsbandalagið - NATO**

Samstarf íslenskra lögregluyfirvalda við NATO er annars vegar á sviði almannavarna og hins vegar á sviði öryggismála. Öryggismálasamstarfið fer fram í tengslum við NATO Special Committee og NATO Security Committee. Um er að ræða samstarfsvettvang borgaralegra öryggisstofnana NATO-ríkjanna. Mikilvægt er að efla þátttöku íslenskra lögregluyfirvalda í þessu samstarfi til þess að tryggja að Ísland uppfylli alþjóðlegar skuldbindingar á þessu sviði.



### **Öryggisþjónustur**

Embætti ríkislögreglustjóra hefur verið í samstarfi við öryggisþjónustur annarra landa og má þar nefna öryggisþjónustur á Norðurlöndum, í Evrópu og í Bandaríkjunum. Samstarfið felst einkum í miðlun upplýsinga og þjálfun starfsmanna.

### **Bandaríska alríkislögreglan**

Svo sem fram kemur í samkomulagi ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna í september 2006 á lögreglan á Íslandi gott samstarf við bandarísku alríkislögregluna (FBI). Íslenskir lögreglumenn hafa fengið inngöngu í yfirmannaskóla FBI, auk þess sem þeir hafa setið námskeið hjá FBI-leiðbeinendum bæði í Bandaríkjunum og annars staðar. Bandaríska alríkislögreglan hefur einnig sent leiðbeinendur til Íslands og hafa þeir m.a. haldið námskeið í samningatækni fyrir íslenska og norræna sérsveitarmenn á Íslandi.

### **4.3.2 Varnir gegn afbrotum**

Eitt mikilvægasta hlutverk lögreglunnar er að stemma stigu við afbrotum, meðal annars með því að hafa afskipti þar sem brot, slys eða aðrar ófarir kunna að vera yfirvofandi. Þessu hlutverki sinnir lögreglan á ýmsan hátt, svo sem með fyrirbyggjandi aðgerðum, fræðslu til almennings og samstarfi við ýmsa aðila.

#### **Stjórnun lögregluLiða á grundvelli upplýsinga um möguleg afbrot**

Embætti ríkislögreglustjóra hefur unnið að því um nokkurt skeið að leita leiða til að auðvelda lögregluembættunum að taka saman upplýsingar um afbrot. Nú hefur verið hleypt af stokkunum verkefni sem felst í því að safna nýjustu upplýsingum um afbrot sem færð hafa verið í lögreglukerfið og birta þær á innri vef lögreglunnar. Þar geta lögregluembættin sótt vefstöflur til að skoða upplýsingar um fjölda brota miðað við stöðu mála á hverjum degi, fíkniefni sem lagt hefur verið hald á út frá magni efna og haldlagningar þar sem fram kemur hversu oft er lagt hald á fíkniefni. Þetta mun meðal annars nýtast lögregluembættunum til þess að forgangsraða verkefnum og gera löggæsluna markvissari og umhverfið öruggara fyrir borgarana.

Þessi tölfraði nýtist lögregluembættunum vel við að halda úti skilvirkara eftirliti og efla fyrirbyggjandi aðgerðir gegn afbrotum.

Eitt meginverkefni lögreglunnar er að **stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins.**

Sérstök áhersla er lögð á eftirfarandi þátt:

- Að vinna, í samstarfi við aðra, að því að stemma stigu við síbrotum og vinna markvisst að forvörnum í þeim tilgangi að fækka ungum afbrotamönnum.

#### **Verkefnamiðuð löggæsla (VML)**

Próunarverkefni hjá embætti ríkislögreglustjóra eru allnokkur. Stjórnsýslusvið vinnur að því að innleiða verkefnamiðuða löggæslu (VML) sem m.a. er ætlað að leiða til uppbyggingar á gagnagrunni sem geymir upplýsingar um góða starfshætti. Uppsetning á slíkum grunni myndi gera lögreglumönnum kleift að fylgjast með verkefnum starfsbræðra sinna og auka skilvirkni og samstarf lögreglunnar þvert á umdæmi. Áætlað er að um mitt ár 2008 geti starfræksla verið hafin á slíkum gagnagrunni.

Við innleiðingu VML er markmiðið að efla getu lögreglumanna til að vinna með lögreglukerfið svo að það nýtist sem stjórn tæki. Lögð verður áhersla á að kenna ákveðnum starfsmönnum innan embættanna að taka saman upplýsingar úr kerfinu og nýta þær til greiningar á vandamálum í samfélaginu.

Markmið lögreglunnar er að allir lögreglumenn öðlist þekkingu og hæfni til að nota VML við störf sín. Lagt er til að lögreglan starfi eftir hugmyndafræði VML og beiti verkfærinu þegar greining hefur sýnt fram á að í samfélaginu sé langvarandi ástand sem hefðbundnar löggæsluáferðir hafa ekki náð utan um. Lögreglunni er ætlað visst hlutverk í forvarnarstarfi sem á að leiða til fækkunar afbrota. Með innleiðingu VML er ætlun lögreglu að draga úr langvarandi vandamálum í samfélaginu sem draga úr lífsgæðum íbúa. Embætti ríkislögreglustjóra stýrir innleiðingu verkefnaþaðrar löggæslu og vinnur að henni í samstarfi við frumkvöðlaembætti með því að þróa kennslugögn fyrir lögregluskólann, handbækur, námskeið fyrir lögreglumenn og setja upp rafræn eyðublöð á innra net lögreglunnar.

### **Hverfislöggæsla, þjónusta og öryggi**

Markmið lögreglunnar er að efla tengsl lögreglu við almenning og tryggja markvisst samstarf allra lögregluumdæma við að veita öllum þegnum samfélagsins sambærilega þjónustu og öryggi. Í kjölfar breytinga sem urðu við sameiningu lögregluumdæmanna er verið að tryggja að allir íbúar landsins njóti góðrar þjónustu og öryggis af hendi lögreglunnar. Stefnt er að því að öll embætti lögreglunnar vinni markvisst samkvæmt áætlun að:

- Útfærslu grenndarlöggæslu eða eflingu hana ef hún er þegar til staðar,
- miðlun upplýsinga til íbúa.

Lögreglan þarf að vekja athygli almennings á hlutverki sínu gagnvart því að tryggja eigið öryggi með forvörnum og uppljóstrun brota.

### **Sáttamiðlun í opinberum málum**

Dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði í maí 2006, nefnd til að annast eftirlit með tilraunaverkefni um sáttamiðlun í opinberum málum. Nefndinni er ætlað að sjá um að verkefnið verði kynnt almenningi og skal nefndin skila stöðuskýrslu til ráðuneytisins þegar verkefnið er hálfnað þar sem fram kemur hvernig til hefur tekist og hvað má betur fara. Þá skal nefndin jafnframt gera ítarlega úttekt á verkefninu við lok þess og meta hvort ástæða sé til að gera úrræðið að varanlegum hluta refsivörslu-kerfisins.

Lögreglumenn gegna lykilhlutverki við sáttamiðlun en til þess þurfa þeir að hafa hlotið sérstaka þjálfun. Tilraunaverkefni um sáttamiðlun í opinberum málum hófst 1. október 2006 og stendur yfir í tvö ár. Árangur verkefnisins verður metinn í október 2008.

### **Börn og ungmenni**

Afbrot ósakhæfra barna og ungmenna eru tíð og mikill tími lögreglu fer í að upplýsa þau mál og taka skýrslur af ungmenum. Flest þeirra ungmenna sem komast í kast við lögreglu og dómskerfið brjóta eingöngu einu sinni af sér. Hins vegar, fyrir lítinn hóp, er þetta oft upphafið á löngum og alvarlegum ferli.

Afleiðingar barna- og unglungaafbrota birtast í margvíslegum vandamálum sem vinna verður gegn með því að grípa tímanlega inn í í brotaferlinum. Til að ná góðum árangri verður að vinna á breiðum grunni í þjóðfélaginu með þátttöku ólíkra aðila. Má þar nefna sveitarfélög, ýmsar stofnanir hins opinbera, skóla og félagsmálastofnanir, einkaaðila og frjáls félagasamtök.

Til þess að draga úr afbrotum hefur rík áhersla verið lögð á að lögreglan semji nýja markmiðsáætlun um afbrotavarnir sínar sem á að bæta forvarnarstarf. Lögreglan er að vinna að tillögum um að efla samstarf sveitarfélaga og lögreglu og verða þær útfærðar í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga á árinu 2007. Með fyrirhugaðri innleiðingu verkefnaþaðrar löggæslu á landsvísu árið 2008 mun skapast öflugur vettvangur til frekara samstarfs á sviði forvarnarmála.

### **Lögregluvefurinn**

- Lögregluvefnum er ætlað að stuðla að faglegri, markvissri og öflugri löggæslu á landsvísu.

Lögregluvefurinn er sameiginlegt vefsvæði lögreglunnar allrar og er því brýnt að vefkerfið sé sveigjanlegt og hægt sé með auðveldum hætti að tengja það við vefþjónustulag og samþætta kerfið við annan hugbúnað.

#### *Ytri vefurinn – upplýsingamiðlun til almennings*

Lögreglan leggur ríka áherslu á að koma réttum og aðgengilegum upplýsingum til almennings. Mikilvægt er að notendur vefjarins geti lagað hann að áhugaefnum sínum, t.d. hvað varðar svæðisbundnar fréttir eða upplýsingar. Jafnframt er gert ráð fyrir því að almenningi verði gert auðveldara en nú að koma upplýsingum til lögreglunnar, samskipti lögreglu og almennings verði auðvelduð og þjónusta lögreglunnar bætt. Mætti þar nefna að gert er ráð fyrir að hægt verði að sækja um ýmis leyfi o.þ.h. á vefnum.

#### *Innri vefurinn – upplýsingamiðlun til lögreglumanna*

Innri vef lögreglunnar, sem lýtur umsjón embættis ríkislögreglustjóra, er ætlað að vera vefsvæði þar sem lögreglumenn landsins geta nálgast allar upplýsingar og gögn um lögreglumálefni sem þeir þurfa að hafa aðgang að við störf sín. Vefsvæðið verði þannig vettvangur þar sem lögreglumenn geta á einfaldan og aðgengilegan hátt nálgast starfstengdar upplýsingar og skapað grundvöll til faglegra og uppbyggilegra samskipta á milli þeirra embætta sem þeir starfa hjá, hvort sem er í máli eða myndum. Jafnframt er gert ráð fyrir því að starfsmenn geti sinnt erindum er lúta að innri starfsemi lögreglunnar á vefnum. Má sem dæmi nefna skráningu á námskeið eða beiðni um ferðaheimild.

Með rekstri vefjarins er tryggt að allir starfsmenn lögreglunnar viti um þau lög, reglur og fyrirmæli sem í gildi eru, auk þess sem þeir hafi greiðan aðgang að fyrirmælum, verklagsreglum, gátlistum, eyðublöðum o.þ.h. Með því er stuðlað að samræmingu á störfum lögreglunnar og afgreiðslu mála á landsvísu.

Einnig er gert ráð fyrir því að viðbragðsaðilar hafi aðgang að lokuðu svæði sem hafi að geyma viðbragðsáætlanir og fleira.

### **4.3.3 Rannsóknir og fækkun afbrota**

Meðal mikilvægra verkefna lögreglunnar er rannsókn afbrota og vinna við að stöðva ólögsmæta háttsemi. Stefna ber að einföldun rannsóknarferils og hraðari og skilvirkari rannsókn afbrota. Úrræði í þessa veru er að almenn lögregla sinni í auknum mæli rannsókn minni háttar mála en rannsóknardeildir þeim alvarlegri. Þetta á jafnframt að auka möguleika rannsóknarlögreglumanna á að takast á við rannsóknir alvarlegri brota með samræmdari hætti en áður.

Þá þarf að tryggja sem best rannsóknarheimildir og úrræði lögreglu við rannsókn brota, meðal annars með því að meta þessi úrræði í samanburði við nágrannalöndin en mikilvægt er að íslensk stjórnvöld standi ekki lakar en stjórnvöld nágrannalöndanna að þessu leyti. Þetta á ekki hvað síst við um baráttu gegn skipulagðri og alþjóðlegri glæpastarfsemi. Því þarf jafnframt að efla sérþekkingu og menntun rannsóknarlögreglumanna til að takast á við rannsóknir alvarlegri mála.

Eitt meginverkefni lögreglunnar er að **vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögsmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð opinberra mála eða öðrum lögum.**

Sérstök áhersla er lögð á eftirfarandi þætti:

1. Að fækka afbrotum, einkum ofbeldis- og fíkniefnaafbrotum.
2. Að styrkja rannsóknir mála og bæta þær og hraða vinnslu mála.
3. Að sinna vel þolendum afbrota og vitnum.
4. Að efla rannsóknir á umfangsmiklum efnahagsbrotum og brotum þar sem rafrænum aðferðum er beitt.
5. Að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi, peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Sérstök áhersla er lögð á að berjast gegn ofbeldis- og fíkniefnabrotum í árangursstjórnunarsamningi ríkislögreglustjóra og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Mælikvarðar löggæsluáætlunar eru nánar skilgreindir í kafla sex en einnig má finna þau atriði sem lögreglan leggur áherslu á í helstu málaflokkunum í viðauka tvö. Þar er minnst á þær leiðir sem lagt er til að lögregluembættin og embætti ríkislögreglustjóra vinni að til að ná þeim markmiðum sem skilgreindir eru í kafla sex.

### **Ofbeldisbrot og þolendur**

Markmið lögreglunnar er að stemma stigu við ofbeldisbrotum og styrkja stöðu þolenda. Fólk sem hefur orðið fyrir ofbeldi býr ekki einungis við líkamleg mein heldur óttast stór hluti þess að verða fyrir ofbeldi aftur og býr þannig við stöðugan ótta. Embætti ríkislögreglustjóra mun vinna gegn ofbeldisbrotum á tímabilinu samkvæmt stefnuáætlun sem gerð verður í samstarfi við lögregluembættin. Sérstaklega verður lagt upp með að flýta meðferð kynferðisbrota og annarra ofbeldismála á heimilum.

### **Rannsóknir á ofbeldisbrotum**

Embætti ríkislögreglustjóra mun rannsaka tíðni og eðli ofbeldisbrota á Íslandi fyrir árslok 2008. Um fjölþætta rannsókn verður að ræða þar sem skoðaðar verða fyrri fræðilegar rannsóknir á ofbeldisbrotum. Unnið verður að því að lýsa stöðu ofbeldisbrota á Íslandi, bæði með þolendakönnunum og út frá gögnum lögreglu.

### **Fíkniefnabrot**

Markmið lögreglunnar er að draga úr innflutningi á fíkniefnum og fíkniefnatengdum brotum. Fíkniefni eru ógn við velferð í þjóðfélaginu og gefur þróun fíkniefnabrota á Íslandi síðustu fimm ár til kynna að fíkniefnaneysla meðal samfélagsþegna fari ekki minnkandi þrátt fyrir eflt forvarnarstarf stofnana, félagasamtaka og lögreglu. Stefnt er að því að lögregluembættin vinni markvisst samkvæmt áætlun sem:

- stuðli að bættari skipulagningu og árangri aðgerða í baráttu gegn fíkniefnum,
- viðhaldi og auki kerfisbundið eftirlit löggæslunnar,
- auki samstarf við foreldra, félagsmálayfirvöld, heilsugæslu, skóla og aðrar stofnanir, frjáls félagasamtök eða aðra sem geta stuðlað að sem mestum árangri starfsins,
- auki upplýsingastreymi,
- stuðli að því að ólögmatgur varningur sé gerður upptækur.

### **Skipulögð glæpastarfsemi**

Markmið lögreglunnar er að tryggja öryggi landsins og að vinna gegn skipulagðri glæpastarfsemi einstaklinga og hópa, innflutningi og sölu fíkniefna og ólöglegra vopna og peningaþvætti og öðrum fjármunabrotum. Aðgangur lögreglunnar að gagnabankanum World Check er mikilvægt tæki í þessa veru. Skipulögð glæpastarfsemi er ógn við öryggi í þjóðfélaginu og þess vegna þarf embætti ríkislögreglustjóra að veita aðgerðum gegn henni forgang í samvinnu við önnur embætti lögreglunnar.

Íslensk lögregla verður að vera sem best í stakk búin til þess að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi og samvinnu lögreglu vegna rannsókna á skipulögðum fjársvikum og peningaþvætti.

Greiningardeild ríkislögreglustjóra ber ábyrgð á því að greina hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Til þess að raunhæf greining geti farið fram þurfa nauðsynlegar upplýsingar að vera fyrir hendi. Öll lögreglulið landsins þurfa að skila nauðsynlegum upplýsingum til greiningardeildar í sérstakan gagnagrunn. Við mat á upplýsingum skal byggt á greiningar- og áhættumatsaðferðum Europol og stuðst við skilgreiningar ESB varðandi skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverk.

### **Hraðari rannsóknir mála og styttri málsmeðferðartími**

Vinna þarf að skjótari rannsókn mála og málsmeðferð með því að auka skilvirkni og aðhald í rannsóknum með gerð tímasettra rannsóknaráætla. Einkar mikilvægt er að hraða málsmeðferð þar sem réttindi sakborninga og árangur af meðferð mála fyrir dómi eru bundin við málsmeðferðartímann. Langur afgreiðslutími mála hefur ekki aðeins áhrif á refsiakvörðun í einstökum málum heldur gefur

hann líka neikvæð skilaboð út í þjóðfélagið um afleiðingar þess að fremja afbrot og vilja samfélagsins til þess að fylgja lögbrotinu eftir.

### **Skatta- og efnahagsbrot: saksóknari efnahagsbrota**

Fyrirkomulagi á stöðu saksóknara efnahagsbrota (SEB) var breytt með reglugerð nr. 1050/2006, um rannsókn og saksókn efnahagsbrota, sem tók gildi 1. janúar 2007. Með breyttu fyrirkomulagi var skerpt á faglegri ábyrgð ríkissaksóknara. Markmiðið með þessari breytingu var að efla rannsókn og saksókn efnahagsbrota og gera SEB kleift að vinna að krefjandi rannsóknum stærri og erfiðari mála. Aukin sérhæfing í viðskiptalífínu, tilkoma fjársterkra aðila sem hafa, andstætt því sem lögregla hefur, á að skipa nánast ótakmörkuðum úrræðum til að verjast lögreglurannsóknum og ákæru, og breyttar áherslur dómstóla við meðferð þessara mála gera nú mjög auknar kröfur um málatilbúnað og vönduð vinnubrögð. Helstu mál sem SEB ber ábyrgð á eru öll stærstu auðgunarbrot sem koma fyrir, peningabætti, umhverfislagabrot, spilling, fiskveiðilagabrot, brot á skatta- og tollalögum, brot á lögum sem varða gjaldeyrismál, samkeppni, verðbréf, lánsviðskipti, umhverfisvernd, vinnuvernd og stjórn fiskveiða og önnur alvarleg, óvenjuleg eða skipulögð fjármunabrot sem tengjast atvinnurekstri eða verslun og viðskiptum.

### **Alþjóðlegt samstarf gegn skipulagðri brotastarfsemi, spillingu og peningabætti**

Skipulögð brotastarfsemi er eitt form spillingar og elur hún af sér spillingu og peningabætti. Slíkt getur, ef ekki er staðið af einurð á móti því, haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir viðskiptalíf þjóðarinnar og trúverðuleika fjármálakerfisins. Því mun lögreglan á komandi árum beita kröftum sínum gegn þessum brotum.

Efla þarf starfsemi peningabættisskrifstofu ríkislögreglustjóra með fræðslu til tilkynningarskyldra aðila þannig að tryggt sé að þeir miðli upplýsingum sem kunna að tengjast skipulagðri brotastarfsemi, auk þess sem sinna þarf frumkvæðisvinnu og fræðslu til þeirra sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt lögum. Mikilvægt er að lögregla láti ekki sitt eftir liggja og er notkun gagnabankans World Check mikilvægt skref í þá átt, en bankar og Fjármálaeftirlitið hafa hert mjög eftirlit sitt á þessu sviði eftir að úttekt FATF var gerð 2006 og með breyttum lögum sem tóku gildi sama ár.

### **Tölvubrot**

Nauðsynlegt er að byggja upp tækni og þekkingu hjá lögreglunni til að sinna rannsóknum á rafrænum sönnunargögnum úr tölvum og öðrum tækjum upplýsingartækninnar og tryggja að þau glattist ekki. Slíkar upplýsingar eru hluti af sönnunargögnum í öllum málum og mikilvægt er að hægt sé að tryggja frá upphafi rannsóknar örugga haldlagningu, vörslu og úrvinnslu þeirra gagna. Auk þess kalla alls konar brot gegn höfundarrétti og önnur tölvubrot á sérhæfða þekkingu lögreglu við rannsókn slíkra mála.

### **Umhverfislagabrot**

Á komandi árum mun krafan um að lögregla sinni rannsóknum og ákærumeðferð umhverfislagabrota aukast í takt við auknar kröfur um náttúruvernd. Við þessu þarf að bregðast með endurbótum á umhverfisrefsilöggjöf sem fylgja þarf eftir með hjálfun starfsmanna lögreglunnar í rannsóknum þessara brota og ákærumeðferð.

### **4.3.4 Þjónusta og samstarf**

Almenningur skal hafa greiðan aðgang að lögreglu, sem jafnframt miðli upplýsingum til hans. Þá er lögð mikil áhersla á viðbragðstíma lögreglu en skjót og örugg viðbrögð lögreglu við hjálparbeiðnum almennings eru mjög mikilvæg, sérstaklega þegar um alvarleg mál er að ræða. Lögreglan skal ávallt veita bestu hugsanlegu þjónustu og vinna að því að efla og viðhalda trausti borgaranna. Með því að sinna öflugri þjónustu- og hjálparhlutverki er verið að tryggja áfram það jákvæða viðhorf sem almennt ríkir í garð lögreglu hér á landi.

Lögreglan verður að geta brugðist við breytilegum þörfum samfélagsins og einstaklinga. Krafa almenningu hin síðari ár hefur verið að lögreglan sé sýnilegri en áður og að svokölluð hverfa- og grenndarlöggæsla verði eflað. Lögreglan mun meta störf sín og árangur í ljósi kannana á öryggis-tilfinningu borgaranna og trausti þeirra á störfum hennar. Hingað til hefur lögreglan einblínt á afbrotatíðni en með þessari löggæsluáætlun verða mælikvarðar eins og traust, óttatilfinning og mat á þjónustuþáttum metnir kerfisbundið og niðurstöður notaðar við stefnumótun og markmiðasetningu til framtíðar.

Traust til lögreglunnar samkvæmt árlegri könnun Gallups var 78% í byrjun árs 2007 og hefur það í síðustu tveimur mælingum ekki verið eins mikið síðan 1993 þegar það var 84%. Embætti ríkis-lögreglustjóra mun leggja áherslu á að þetta traust haldist áfram mikið.

Eitt meginverkefni lögreglunnar er að **greiða götu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hættu staðir að og starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu.**

Sérstök áhersla er lögð á eftirfarandi þátt:

- Að efla þjónustu lögreglunnar þannig að hún geti brugðist við breytilegum þörfum samfélagsins og einstaklinga.

### **Samskipti og ímynd lögreglunnar**

Jákvæð samskipti við borgara eru afar brýn til mótvægis við þá einhæfu mynd sem almenningur gjarnan fær af lögreglu og stafar af eðli margra starfa hennar. Grenndarlöggæsla og þættir í verkefnamiðaðri löggæslu eru til þess fallnir að auka á jákvæð samskipti. Samskipti án afskipta eru líkleg til þess að auka lögreglu yfirsýn um ástand mála í umdæminu og afla upplýsinga sem máli skipta í störfum hennar.

Tryggja þarf áhugavert og hvetjandi starfsumhverfi svo að lögreglan fái til starfa hæft fólk úr sem flestum stéttum þjóðfélagsins. Faglegt og kunnáttusamlegt verklag bætir ímynd lögreglunnar og eykur traust og skilning almenningu á störfum hennar. Starfsmenn lögreglunnar eru undirstaða starfseminnar og því þarf að leggja áherslu á þann auð sem í þeim er fölginn. Til að upplýsa afbrot þarf lögreglan að njóta trausts borgaranna. Ef trausts nýtur ekki við eru minni líkur en ella á að brot séu tilkynnt og að lögregla sé aðstoðuð við að upplýsa þau. Árlega verður gerð könnun meðal almenningu þar sem meðal annars verður metið traust til starfa lögreglunnar og ánægja með störf og þjónustu hennar.

Lögreglan telur mikilvægt að almenningur eigi þess kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í tengslum við stefnumótun hennar á hverjum tíma. Lögreglan leggur áherslu á að almenningur sé vel upplýstur um stefnu og markmið lögreglunnar og hvetur almenning til að hafa áhrif á þá stefnu. Á þetta jafnt við um almenna stefnu og sérstök áhersluatriði tengd árstíma, byggðarlögum eða hverfum.

### **Viðbragðstími lögreglu**

Þegar hefur verið komið á kerfisbundinni forgangsröðun útkallsverkefna lögreglu sem byggist á því að flokka útköll í neyðarverkefni og önnur útkallsverkefni. Öllum útkallsverkefnum er stýrt frá fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra sem forgangsráðar útköllum og stýrir útkallsliði lögreglu í samræmi við það og lýkur máli ef þörf er á með leiðsögn um síma.

Koma þarf á kerfisbundinni forgangsröðun annarra verkefna lögreglu en útkallsverkefna þar sem borgarar tilkynna um brot eða óska aðstoðar lögreglu á vettvangi. Skipa þarf ýmsum þjónustuverkefnum sem lögregla sinnir aftur en beinum löggæsluverkefnum. Innan þessara meginflokka verkefna þarf aftur að forgangsráða þannig að mikilsverðustu hagsmunir borgaranna fái skjótasta úrlausn en veigaminni verkefni lendi aftur í röðinni. Af hagkvæmniástæðum þarf að leitast við að leysa sum mál aðeins símleiðis, með því að leiðbeina borgurunum um úrlausn mála þeirra, s.s. með því að vísa erindi rétta leið ef það á ekki beint erindi við lögreglu. Forgangsröðun verkefna gerir lögreglu kleift að sinna betur veigameiri málum og frumkvæðislöggæslu og leggja aukna vinnu í þau.

Sett er fram sú stefna um frumkvæðislöggæslu (verkefnaðið löggæslu), þar sem lögreglan sinnir verkefnum af eigin frumkvæði, að meginmarkmiðið með henni sé að fækka afbrotum í umdæminu með fyrirbyggjandi ráðstöfunum og efla með því öryggistilfinningu borgaranna. Liður í því er að stjórnendur lögreglu hafi réttar upplýsingar um afbrotatölfræði og að sett séu skýr markmið um fækkun afbrota.

Notkun lögreglu á Tetra-fjarskiptakerfinu um allt land gerir kleift að fylgjast enn betur en áður með viðbragðstíma lögreglu, þar sem skráning verður einfaldari og upplýsingar aðgengilegri til samræmdra mælinga. Slíkar upplýsingar verði grundvöllur að því að ríkislögreglustjóri skilgreini lágmarks viðbragðstíma lögreglu vegna neyðarútkalla í samráði við lögreglustjóra fyrir árslok árið 2009.

### **Samstarf lögreglu og sveitarfélaga**

Samráðshópur ríkislögreglustjóra og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga mun starfa til loka árs 2007 og munu aðilar taka ákvörðun fyrir þann tíma um það hvort hópurinn starfi áfram.

Samstarf lögreglu og sveitarfélaga hefur verið farsælt en má þó bæta það enn frekar og setja í fastari skorður. Markmið viljayfirlýsingarinnar frá 30. apríl 2004 felur í sér möguleika á að efla enn frekar samvinnu lögreglu og sveitarfélaga. Lögreglan er að vinna að tillögum um hvernig efla megi samskipti, bæta innra eftirlit og ábyrgðarhlutverk hópa og nefnda. Sú vinna hefur farið fram í ljósi þess að á árinu 2007 ber að endurmeta samstarfsvettvang lögreglunnar og sveitarfélaga, samanber viljayfirlýsingu frá 30. apríl 2004. Unnið verður að því að endurnýja viljayfirlýsinguna í breyttri mynd á árinu.

Embætti ríkislögreglustjóra leggur áherslu á gott samstarf við alla aðila í réttarvörslukerfinu, sem og þá sem vinna að öryggis- og björgunarmálum þ.e. Fangelsismálastofnun, tollstjórnin í Reykjavík, Landhelgisgæslu Íslands Siglingastofnun og Flugmálastjórn. Á sviði almannavarna vinnur lögreglan náið með Slysavarnafélaginu Landsbjörgu, 112 og slökkviliði í hverju umdæmi. Lögreglan á samstarf við einkaaðila í öryggismálum, eigendur skemmtistaða, íbúasamtök og alla aðra, sem hafa öryggi landsmanna að leiðarljósi.

### **Verkaskipting**

Skilgreina skal nánar heildstætt þjónustu- og hjálparhlutverk lögreglu þannig að ljóst sé hvaða þjónustu hún eigi að veita og hvaða þjónustu aðrir aðilar en hún eigi að sinna og séu jafnvel betur til þess fallnir.

### 4.3.5 Innra starf lögreglunnar

Í samningi um árangursstjórnun er mikil áhersla lögð á hlutverk embættis ríkislögreglustjóra í því að styrkja innviði lögreglunnar og þar með starfsgetu hennar til framtíðar. Eitt meginmarkmið lögreglunnar á næstu fjórum árum er að bæta starfsumhverfi hennar og gera lögreglustarfið að eftirsóttum starfsvettvangi. Þetta verður meðal annars gert með því að endurskoða starfsmannastefnuna, gera jafnréttisáætlun, þróa frammistöðumat, koma á fót félagastuðningi o.s.frv. Mikilvægt er að lögreglustarfið sé áhugavert svo að hæft fólk fái til starfa og að þar sé góður starfsandi og mannlegt starfsumhverfi undir forskriftinni: *Ánægt, agað og heilbriggt starfslið*.

Sérstök áhersla er lögð á eftirfarandi þátt:

- Að efla þekkingu og hæfni lögreglunnar til þess að gæta almannaöryggis og gera lögreglu sem hæfasta til þess að bregðast við á hættustundu.

### Starfsumhverfi lögreglu

Embætti ríkislögreglustjóra mun áfram vinna að því, í samstarfi við Landsamband lögreglumanna, lögreglustjóra, Lögregluskóla ríkisins og aðra aðila, að búa lögreglumönnum gott starfsumhverfi þannig að hjá lögreglu starfi ávallt ánægðir lögreglumenn með ríka þjónustulund, áhuga, hæfni, reynslu og gott siðferði í starfi.

### Starfsmannastefna lögreglunnar

Mikilvægt er að gera úttekt á starfsmannamálum lögreglunnar og þróa starfsmannastefnu til þriggja ára í senn þar sem skýr markmið eru sett fram. Fylgjast þarf með starfsmannastefnu og þeim markmiðum sem þar eru sett. Byggja þarf inn í starfsmannastefnuna ákveðið innra eftirlit, feril á mati sem yrði skilgreint, sem og mælikvarða til að sýna hvort stefnan virki í raun. Sú stefna sem er í gildi í dag og skrifað var undir þann 1. janúar 2004 hefur ekki verið tekin út. Er stefnt að því að í kjölfar þróunar á starfs- og frammistöðumati verði starfsmannastefna lögreglunnar endurskoðuð árið 2008.

### Heilsa starfsmanna

Lögreglustarfið er bæði líkamlega og andlega krefjandi. Þegar lögreglumenn eru valdir til starfa þurfa þeir aðstandast próf og mat á líkamlegum og andlegum styrk, ásamt öðrum hæfnisprófum. Það er markmið lögreglunnar að lögreglumenn viðhaldi líkamlegri og andlegri heilsu sinni út allan starfsferilinn í samræmi við eðlilegan þroska og þrótt. Til að fylgja þessu markmiði eftir verður þrek og hæfni starfsmanna til að standast álag prófað árlega. Til að stuðla að því að lögreglumenn nái þessum markmiðum er þeim búið þannig umhverfi að þeir geti stundað reglulega hreyfingu og undirbúið sig andlega undir erfið verkefni.

Innlétt verður stuðningsúrræði fyrir lögreglumenn sem nefnist *félagastuðningur* í því skyni að stuðla að bættri andlegri heilsu starfsmanna. Markmið úrræðisins er að draga úr streitueinkennum og auka líkurnar á að þeir sem þess þurfa leiti sér aðstoðar fagmanna á sviði streitustjórnunar og áfallahjálpar. Þannig verða lögreglumenn betur í stakk búnir en ella til að mæta erfiðum aðstæðum.

### Símenntun og endurmenntun starfsmanna

Í kjölfar frammistöðumats sér starfsmannahald hvers embættis um að gera áætlun um símenntun fyrir hvern starfsmann. Þar er tekið mið af því að styrkja starfsmanninn á þeim sviðum þar sem þess er þörf samkvæmt frammistöðumati og starfslýsingu.

### Starfsmenn og siðferði

Misferli lögreglumanna er alvarlegt og grefur undan trausti almennings og stjórnvalda á lögreglunni sem stofnun. Því er mikilvægt að allir lögreglustjórar séu vakandi yfir siðferði manna sinna og ætlað misferli sé tilkynnt embætti ríkislögreglustjóra þannig að hægt sé að rannsaka það og afgreiða sem fyrst. Jafnnauðsynlegt er að styðja starfsmenn sem verða fyrir ásökunum sem ekki reynast á rökum reistar en fylgja eftir agaviðurlögum ef ásakanir reynast réttar.



Mikilvægt er að lögreglumenn búi við gott starfsumhverfi og að reynt sé að efla og viðhalda góðu siðferðisþreki og heiðarleika meðal starfsstéttarinnar. Öll jákvæð þróun í starfsumhverfi lögreglumanna getur dregið úr líkum á spillingu. Eftirlit og stuðningur yfirmanna við undirmenn er lykilatriði í að koma í veg fyrir spillingu. Fræðsla er lykilatriði í forvörnum gegn spillingu. Samræma þarf námskrá í siðferði fyrir grunnám, sí- og endurmenntun og stjórnunarnám Lögregluskóla ríkisins. Einnig þarf að huga vel að starfsmönnum þannig að þeir setji sig hvorki í erfiðar aðstæður í vinnunni né einkalífínu. Félagslegur og sálrænn stuðningur er þar mikilvægur.

### ***Starfs- og frammistöðumat***

Hæft fólk verður að veljast til starfa innan lögreglunnar sem vinnur að sömu markmiðum. Hver og einn starfsmaður þarf að fá endurgjöf á frammistöðu sína svo að hann eigi auðveldara með að vinna að og ná markmiðum lögreglunnar. Starfslýsing þarf að vera til, ásamt verklýsingu þegar starfsmaður sinnir stærra verkefnum, til að hver starfsmaður þekki skyldur sínar og ábyrgð. Starfslýsingar eru gerðar út frá heildarmarkmiðum lögreglunnar þannig að hvert starf sé lítið skref í þá átt að ná heildarmarkmiðum. Þegar starfslýsing liggur fyrir er hægt að finna réttmæta og áreiðanlega mælikvarða út frá henni. Frammistöðumatið er svo unnið út frá þessum mælikvörðum, eftir marghliða mati, þar sem gögnum er safnað úr ýmsum áttum, svo sem úr lögreglukerfinu, frá yfirmanni, samstarfsmönnum, undirmönnum, viðskiptavinum o.fl. Starfsmaður fær svo endurgjöf í starfsmannaviðtali.

Áætlað er að ríkislögreglustjóri skipi starfshóp í maí 2007 til að gera tillögur að starfs- og frammistöðumati fyrir lögreglumenn. Starfshópnum verður gert að skila tillögum sínum í desember 2007. Í kjölfarið verður útfærð aðgerðaáætlun þar sem m.a. verður lagt upp með að öllum lögreglumönnum verði kynntar forsendur starfs- og frammistöðumats.

### ***Jafnréttisáætlun 2007***

Til að tryggja gott starfsumhverfi innan lögreglunnar er mikilvægt að samsetning lögregluliðsins endurspegli samfélagið sem best. Markmið jafnréttisáætlunar er að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla innan lögreglunnar og jöfnum tækifærum allra á sem flestum sviðum. Þannig skulu t.d. laus störf standa opin öllum þeim sem uppfylla hæfniskilyrði, óháð kyni, kynhneigð, samfélagsstöðu, uppruna eða litarhætti. Jafnréttisáætlunin skal miða að því að mannréttindi séu virt og að hæfni ráði stöðu og ábyrgð í lögreglustarfi. Ríkislögreglustjóri skipar starfshóp í maí 2007 til að gera tillögur að jafnréttisáætlun. Starfshópurinn skilar tillögum sínum í lok ágúst 2007.

### ***Málefni útlendinga***

Lögð er áhersla á að starfsmenn lögreglunnar endurspegli fjölmenningslegan þverskurð samfélagsins. Lögreglan á að vera í stakk búin til að veita erlendum borgurum sem búa hér þjónustu, sem og þeim sem eiga hér stutta dvöl. Unnið verður að gerð áætlunar um samskipti lögreglunnar og útlendinga með haustinu þar sem m.a. verður fjallað um hvernig lögreglan getur stuðlað að betri fræðslu og kynningu til útlendinga en nú og tryggt réttaröryggi þeirra.

### **Lögregluskólinn**

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið gerði samning um árangursstjórnun við Lögregluskóla ríkisins þann 16. mars 2007. Þar gerir skólinn samning um að vinna markvisst að uppbyggingarstarfi og þróun námskeiða næstu fjögur árin auk þess sem hugað verður að því að gera skólann að alhliða löggæslu- og öryggisskóla.

Embætti ríkislögreglustjóra hefur starfað náið með lögregluskólanum, m.a. þróað námskeið, haldið námskeið og unnið námsefni fyrir skólann. Verkefnamiðuð löggæsla, ásamt fræðslu um starfs- og frammistöðumat eru dæmi um verkefni í undirbúningi sem munu koma að einhverju leyti inn í námsskrá lögregluskólans í framtíðinni.

Lögregluskóli ríkisins gegnir lykilhlutverki þegar kemur að þjálfun og kennslu lögreglumanna. Embætti ríkislögreglustjóra mun leggja áherslu á að lögreglumenn hafi þekkingu og hæfni til þess að gæta almannaöryggis og bregðast við hættuástandi. Það verður tryggt með því að:

- gera ákveðnar kröfur til umsækjanda í lögregluskólann og grunnnáms lögreglumanna. M.a. skal lögð áhersla á gott siðgæði í lögreglu, bæði í námi og starfi,
- auka enn og bæta símenntun og framhaldsmenntun lögreglumanna,
- styðja þá sem vilja leggja stund á fagtengt nám,
- halda uppi háu þjálfunarstigi innan lögreglunnar þannig að grunnþjálfun sé ávallt haldið við ásamt því að einstaklingar í sérhæfðum lögreglustörfum njóti góðrar þjálfunar á sínu sviði.

### **Tæki og búnaður**

Áfram verði unnið að markmiðasetningu um sérbúnað lögreglu og öflun tæknibúnaðar fyrir lögregluliðin til þess að bæta löggæslu og auðvelda lögreglunni störf sín. Á árinu 2007 skal lokið við að búa öll ökutæki lögreglu og lögregluliðin Tetra-fjarskiptabúnaði.

Í árslok 2007 er stefnt að því að yfir 90% af útkallsbifreiðum lögreglu verði búin radarbúnaði sem tengdur er myndavél. Á árunum 2008 og 2009 skal taka í notkun hugbúnað til sjálfvirks álesturs númeraplatna sem verði tengdur við upptökubúnað lögreglubifreiða. Með slíkum búnaði er stefnt að því að auka virkni lögreglueftirlits í því að koma í veg fyrir afbrot og upplýsa þau.

Til þess að færa vinnu hins almenna lögreglumanns sem mest út á vettvang skal komið upp tölvubúnaði í lögreglubifreiðum og þannig gert kleift að afgreiða fleiri mál á vettvangi, auka upplýsingaflæði innan lögreglunnar og skilvirkni hennar. Tölvuvæðingu lögreglubifreiða skal lokið 2011.

Unnið er að því að lögreglan geti tengst myndavélaeftirlitskerfum þriðja aðila. Með því nær lögreglan að auka eftirlit sitt og nýta upplýsingar til bættrar skipulagningar. Sem dæmi má nefna að Vegagerðin rekur nú umfangsmikið eftirlitsmyndavélakerfi þar sem fylgst er með umferð á þjóðvegum.

Eftirlitsmyndavélar hafa verið starfræktar í miðborg Reykjavíkur um nokkurra ára skeið og hafa myndir úr þeim gert lögreglunni kleift að upplýsa fjölbreytt mál á skjótvirkan hátt. Reynslan hefur sýnt að þessi búnaður getur reynst mikilvægur lögreglu við að upplýsa hvers kyns afbrot. Embætti ríkislögreglustjóra mun vinna að því á næstu tveimur árum að fjölga myndavélum og bæta þann búnað sem fyrir er, í samstarfi við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborg.

## 5. Aðferðafræði

### Úrvinnsla og gagnasöfnun

Ríkislögreglustjóri hefur umsjón með faglegri stjórn viðfangsefna er varða afbrotatölfræði og rannsóknir henni tengdar. Hann setur verklagsreglur um skráningu mála í málaskrá lögreglu og fylgir eftir samræmdri skráningu. Hann vinnur úr tölfræðiupplýsingunum við mat á framkvæmd löggæsluáætlunar og árangri í löggæslustarfi um allt land.

### Öflun tölfræðiupplýsinga fyrir löggæsluáætlun:

- Að hafa umsjón með öflun og varðveislu ársskýrsla og annarra gagna er varða tölfræðiupplýsingar um afbrot erlendis.
- Að hafa eftirlit með afbrotatölfræði sem embætti ríkislögreglustjóra gefur út og tryggja gæði upplýsinga.
- Að gefa út skýrslur mánaðarlega um þróun afbrota í helstu málaflokkum í öllum umdæmum, bera ábyrgð á öflun gagna, uppsetningu og útgáfu á Netinu.
- Að gefa út ársskýrslur um afbrotatölfræði.
- Að tryggja að vinna megi úr lögreglakerfinu upplýsingar fyrir löggæsluáætlun í samstarfi við sérfræðinga í tölvumálum hjá embættinu.
- Að sjá um árlega þolendakönnun um þróun afbrota og aðrar rannsóknir.
- Að afla gagna frá lögreglustjórum.
- Að afla gagna frá öðrum deildum innan embættis ríkislögreglustjóra.
- Að afla gagna frá öðrum samstarfsaðilum og stofnunum, eins og Umferðarstofu, ríkis-saksóknara o.s.frv.

### Samningar við lögregluembættin um árangursstjórnun

Þegar embætti ríkislögreglustjóra hefur gert samning um árangursstjórnun við lögregluembætti mun það veita aðstoð og leiðsögn um gerð stefnuáætlana til næstu fjögurra ára til að tryggja að markmið löggæsluáætlunar nái fram að ganga. Slík aðstoð getur bæði falið í sér greiningu á áhersluatriðum í löggæslumálum og leiðbeiningar um markmiðasetningu. (Sjá viðauka I um skilgreiningu á áætlunum.)

Við gerð samnings um árangursstjórnun milli embættis ríkislögreglustjóra og lögregluembættis verður eftirtalið haft til hliðsjónar:

1. Löggæsluáætlun 2007-2011.
2. Stöðumat og stefnuáætlun lögregluumdæmisins árið 2007.
3. Matsskýrsla á landfræðilegum og lýðfræðilegum þáttum í lögregluumdæminu.

Í samningi við lögregluembætti um árangursstjórnun verður kveðið á um að viðkomandi embætti skili ríkislögreglustjóra ársáætlun og ársskýrslu á hverju ári ásamt stefnuáætlun til næstu fjögurra ára þar sem skilgreindar eru leiðir að markmiðum í löggæsluáætlun 2007-2011.

## 6. Mælikvarðar: Löggæsluáætlun 2007-2011

Lögreglan mun meta árangur sinn skipulega á hverju ári eftir fyrir fram ákveðnu kerfi til að tryggja að lögreglan, stjórnvöld og almenningur geti greint árangur og það sem betur má gera í starfsemi lögreglunnar. Við stefnumörkun er unnt að skilgreina árangursmælikvarða með ýmsum hætti, svo sem með afbrotufræðilegum rannsóknum og öðrum tölfræðilegum gögnum en ýmislegt fleira má styðjast við. Á grundvelli þeirra almennu markmiða sem sett eru fram í þessari löggæsluáætlun munu ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar setja sér nánari markmið og skilgreina árangursmælikvarða við gerð árangursstjórnunarsamninga. Til að útskýra þetta nánar hefur eftirfarandi tafla verið sett upp hér að neðan. Í töflunni eru helstu mælikvarðar skilgreindir fyrir hvert meginhlutverk lögreglu skv. löggæsluáætlun. Gagnaveitur eru þau tæki og kerfi sem lögreglan mun notast við til að safna upplýsingum um stöðu mála fyrir hvern mælikvarða.

**Tafla 1: Málaflokkar, mælikvarðar og gagnaveitur**

Málaflokkar	Mælikvarðar	Gagnaveitur
<b>Öryggishlutverk</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Öryggistilfinning almennings (viðhorf og reynsla almennings)</li> <li>-Fjöldi lögreglumanna</li> <li>-Fjöldi samþykktra neyðaráætlana, endurskoðaðar neyðaráætlanir</li> <li>-Fjöldi í sérsveit</li> <li>-Búnaður og tæki (fjöldi bifreiða, tæki sérsveitar o.fl.)</li> <li>-Fjöldi í varaliði</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Þolendakannanir (viðhorf þolenda)</li> <li>-Upplýsingar frá RLS</li> <li>-Upplýsingar og stöðumat lögreglustjóra</li> </ul>
<b>Forvarnarhlutverk</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Fjöldi hverfalögreglumanna</li> <li>-Árangur af sáttaumleitunum</li> <li>-Fjöldi þeirra sem leita eftir upplýsingum á heimasíðu lögreglunnar</li> <li>-Fækkun afbrota í tengslum við forvarnarverkefni</li> <li>-Fjöldi tilkynninga, fréttar og upplýsinga til almennings</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Upplýsingar frá lögregluembættum og RLS</li> <li>-Úttekt á sáttaumleitunum haustið 2008</li> <li>-Tölvudeild</li> <li>-Lögreglukerfið</li> </ul>
<b>Rannsóknir og fækkun afbrota</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Fjöldi afbrota í tilteknum umdæmum (brotaflokkar X brot/10.000 íbúa - 3 flokkar)</li> <li>-Skipulögð glæpastarfsemi (staða)</li> <li>-Hvernig unnið er að rannsókn mála</li> <li>-Árangur af rannsóknum mála: niðurfelld mál, ákæru, fallið frá saksókn, málsmeðferðartími o.fl.</li> <li>-Aðferðir við rannsóknir mála metnar og árangur samkvæmt þeim. Tímamælingar við úrlausn mála</li> <li>-Umferðaröryggi</li> <li>-Fjöldi afbrotufræðilegra rannsókna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Þolendakannanir (viðhorf þolenda)</li> <li>-Upplýsingar frá lögregluembættum og RLS</li> <li>-Ríkissaksóknari</li> <li>-Lögreglukerfið</li> <li>-Umferðarstofa</li> </ul>
<b>Samstarfs- og þjónustuhlutverk</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Viðbragðstími lögreglu</li> <li>-Hvernig svarar lögreglan útköllum og beiðni almennings um aðstoð (FML)?</li> <li>-Viðhorf almennings til lögreglu</li> <li>-Traust almennings á lögreglunni</li> <li>-Samstarf við sveitarfélög og aðra aðila</li> <li>-Fjöldi samstarfsverkefna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Fjarskiptamiðstöð (FML)</li> <li>-Þolendakannanir (viðhorf þolenda)</li> <li>-Kannanir (Gallup)</li> <li>-Upplýsingar frá RLS og SIS</li> </ul>
<b>Innra starf lögreglunnar</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Markmiði náð í starfsmannamálum?</li> <li>-Markmiði náð með jafnréttisáætlun?</li> <li>-Lögregluskólinn (fjöldi nema, námsefni)</li> <li>-Innra eftirlit (staða)</li> <li>-Fjöldi ákv. tækja</li> <li>-Starfsánægja</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Upplýsingar frá lögregluembættum, lögregluskólanum og RLS</li> <li>-Starfsánægjukannanir</li> <li>-Mælingar á síðferði lögreglumanna</li> <li>-Úttekt RLS á innra starfi</li> </ul>

## **Mælikvarðar á árangur lögreglu – matskerfi**

Mælikvarða fyrir starfsemi lögreglunnar til næstu fjögurra ára má finna hér að neðan í töflum A, B og C. Með mælikvörðum og markmiðum má sjá hvernig starfsemi lögreglunnar á Íslandi næstu fjögur árin er áætluð. Um er að ræða þrjá flokka, a) markmið um fækkun afbrota í tilteknum brotaflokkum, b) markmið um bætt þjónustustig og traust almennings á lögreglunni, og c) markmið er tengjast innra starfi lögreglunnar. Innra starf lögreglunnar kemur meðal annars inn á rannsóknir, tæknimál, starfsmannamál, búnað, upplýsingagetu, samstarf o.s.frv.

Tafla A fjallar annars vegar um markmið lögreglu í tilteknum brotaflokkum og reynslu almennings af afbrotum á tilteknu tímabili. Þjónustuhluta starfsins gagnvart almenningsi má finna í töflu B. Í töflu C er farið yfir innra starf lögreglunnar og hvernig hún býst við að þessir þættir þróist á næstu árum. Áætlanir og markmið í töflu C koma inn á þætti sem verða undirstaða öflugrar löggæslu í framtíðinni. Tafla A og C haldast í hendur að því leyti að ef ekki tekst að ná markmiðunum í töflu C má áætla að skipulagslegir þættir séu ekki eins sterkir og ætla mátti og það dregur úr líkum lögregluembætta að ná markmiðunum í töflu A. Þá veltur árangur í töflu B á eflingu innra starfs skv. töflu C, sem aftur hefur bein áhrif á gengi lögreglu í töflu A. Það er að segja: með því að lögreglunni takist að efla innra starf sitt og auka getu sína til að veita almenningsi þjónustu skapast aukið traust á lögreglunni og það hefur áhrif á upplýsingagjöf almennings til hennar og nauðsynlegt samstarf við hana af hálfu almennings.

## **Skilgreiningar:**

### **Tafla A:** *Brotaflokkar og reynsla af afbrotum*

Í töflunni koma fram tiltekin markmið í þremur brotaflokkum, hvaðan upplýsingar um árangur verða teknar (gagnaveita), hvaða svæði á að einblína á og fjöldi brota. Leiðir að þessum markmiðum munu lögregluembættin útfæra í stefnuáætlun til fjögurra ára. Markmið um að fækka brotum í ákveðnum brotaflokki um X% verður breytilegt eftir embættum og verður þar m.a. byggt á stöðumat sem sýnir þróun afbrota á hverjum tíma. Heildarmarkmið til ársins 2011 kann að vera að fækka auðgunarbrotum um 8,5% en það kann að hafa mismikil áhrif á embætti og mun byggjast á ástandinu í þeim brotaflokki í umdæminu. Sum embætti gætu þurft að fækka innbrotum um t.d. 15% og önnur um 5% en það færi að mörgu leyti eftir ástandinu við stöðumat.

### **Tafla B:** *Þjónusta og samskipti*

Í töflunni koma fram mælikvarðar sem meta eiga þjónustu lögreglunnar, viðhorf almennings til hennar og öryggistilfinningu almennings. Árið 2005 var gerð viðamikil þolendakönnun á Íslandi og er áætlað að hluti hennar verði árlega unninn til að fá samanburð með ofangreindum mælikvörðum. Traust til lögreglunnar er einnig metið en notast verður við niðurstöður úr árlegum könnunum Gallups.

### **Tafla C:** *Starfsemi lögreglunnar*

Í töflunni má finna skilgreind markmið um ákveðna þætti í innra starfi lögreglunnar. Þeir þættir sem stefnt er að á næstu árum kunna að fela í sér endurmenntun starfsmanna, uppsetningu á kerfum, fræðslu um þau kerfi o.s.frv. Stór hluti markmiða í innra starfi lögreglunnar mun því byggjast á dagsetningum eins og sést hér að neðan.

**Tafla A: Brotaflokkar og reynsla almennings af afbrotum**

Nr.	Brotaflokkar*	Gagnaveita	Svæði	Meðalfjöldi brota 2004-2006	Markmið 2007	Markmið 2008	Markmið 2009	Markmið 2010	Markmið til janúar 2011
1	Hegningarlagabrot	Lögreglukerfið	Allt landið	465 brot miðað við 10.000 íbúa (miðað við meðalfjölda síðustu 3 ára)	Fækka um 2% í 456	Fækka um 2%	Fækka um 2%	Fækka um 2%	Fækka hegningarlagabrotum um 8%
2	Auðgunarbrot	Lögreglukerfið	Allt landið	248 brot miðað við 10.000 íbúa (miðað við meðalfjölda síðustu 3 ára)	Fækka um 2,5% í 242	Fækka um 2%	Fækka um 2%	Fækka um 2%	Fækka auðgunarbrotum um 8,5%
3	Brot gegn lífi og líkama	Lögreglukerfið	Allt landið	50 brot miðað við 10.000 íbúa (miðað við meðalfjölda síðustu 3 ára)	Fækka um 2% í 49	Fækka um 2%	Fækka um 2%	Fækka um 2%	Fækka brotum gegn lífi og líkama um 8%

Nr.	Reynsla af afbrotum**	Gagnaveita	Svið/deild/embætti	Reynsla 2004	Markmið 2007	Markmið 2008	Markmið 2009	Markmið 2010
4	Hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir ofbeldisbroti	Árlegar polendakannanir	Allt landið	6,6% landsmanna	6,2%	6,0%	5,7%	5,5%
5	Hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir innbroti á heimili	Árlegar polendakannanir	Allt landið	1,6% landsmanna	1,5%	1,5%	1,3%	1,2%
6	Hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir þjófnaði	Árlegar polendakannanir	Allt landið	7% landsmanna	7%	6,5%	6,5%	6,5%
7	Hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir kynferðisbroti	Árlegar polendakannanir	Allt landið	1,9% landsmanna	1,8%	1,7%	1,6%	1,5%

\* Afbrotatölfræði ríkislögreglustjórans 2004-2005, bráðbirgðatölur fyrir árið 2006.

\*\* Polendakönnun unnin af embætti ríkislögreglustjóra og Háskóla Íslands: rannsókn framkvæmd dagana 4. janúar til 17. febrúar 2005 af IMG Gallup.

**Tafla B: Þjónusta og samskipti**

Nr.	Starfsemi	Gagnaheita	Svið/deild/embætti	Staðan 2005	Markmið 2007	Markmið 2008	Markmið 2009	Markmið 2010
1	<b>Þjónusta vegna afbrota***</b>							
1a	Hlutfall þeirra sem ánægðir voru með þjónustu lögreglunnar <i>Tilkynnt innbrot</i>	Árlegar þolendakannanir	Allt landið	77% ánægð	80%	82%	85%	90%
1b	Hlutfall þeirra sem ánægðir voru með þjónustu lögreglunnar <i>Tilkynnt kynferðisbrot</i>	Árlegar þolendakannanir	Allt landið	43% ánægð	50%	52%	55%	60%
1c	Hlutfall þeirra sem ánægðir voru með þjónustu lögreglunnar <i>Tilkynnt ofbeldisbrot</i>	Árlegar þolendakannanir	Allt landið	58% ánægð	60%	62%	65%	70%
2	<b>Ótti við afbrot***</b>							
2a	Hlutfall almennings sem segist frekar eða mjög öruggur í sínu hverfi <i>Eigið hverfi borgara</i>	Árlegar þolendakannanir	Allt landið	94% frekar eða mjög örugg	95%	95%	95%	95%
2b	Hlutfall almennings sem segist frekar eða mjög öruggur í miðborg Reykjavíkur um helgar <i>Miðborg um helgar</i>	Árlegar þolendakannanir	Allt landið	36% frekar eða mjög örugg	40%	45%	50%	55%
2c	Hlutfall almennings sem segist frekar eða mjög öruggur í miðborg Reykjavíkur virka daga <i>Miðborg virka daga</i>	Árlegar þolendakannanir	Allt landið	49% frekar eða mjög örugg	49%	55%	60%	65%
3	<b>Viðhorf til þjónustu lögreglunnar***</b>							
3a	Hlutfall almennings sem telur lögregluna vinna nokkuð gott eða mjög gott starf <i>Eigið hverfi borgara</i>	Árlegar þolendakannanir	Allt landið	90% nokkuð eða mjög gott starf	90%	90%	90%	90%

\*\*\* Þolendakönnun unnin af embætti ríkislögreglustjóra og Háskóla Íslands: rannsókn framkvæmd dagana 4. janúar til 17. febrúar 2005 af IMG Gallup.

Nr.	Starfsemi	Gagnaheita	Svið/deild/embætti	Staðan 2007	Markmið 2008	Markmið 2009	Markmið 2010	Markmið 2011
4	<i>Traust til lögreglunnar****</i>							
4a	Hlutfall almennings sem ber traust til lögreglunnar	Þjófarpúls Capacent	Allt landið	78% almennings bera traust til lögreglunnar	80%	80%	80%	80%

\*\*\*\* Þjófarpúlsinn: Könnun gerð á trausti almennings til stofnana, könnun framkvæmd í byrjun árs 2007 af Capacent Gallup.



**Tafla C: Starfsemi lögreglunnar**

Nr.	Starfsemi/aðgerðir	Svið/deild/embætti	Tímarammi	Markmið
1	Koma upp 240 manna varaliði lögreglu* <sup>1</sup>	Löggæslu- og öryggissvið	2007-2008	Lokið í árslok 2008
2	Endurskoða allar flugverndar-, siglingaverndar- og neyðaráætlanir	Löggæslu- og öryggissvið	2007-2010	Lokið í árslok 2010
3	Efla tækjabúnað og ljúka fjölgun í sérsveitinni	Löggæslu- og öryggissvið	2007-2008	Lokið í árslok 2008
4	Endurskoða starfsmannastefnu lögreglunnar	Sjórnsýslusvið	2007-2008	Lokið í árslok 2008
5	Innleiða félagastuðning fyrir lögreglumenn	Sjórnsýslusvið	2006-2008	Lokið á árinu 2008
6	Innleiða verkefnaáriðala löggæslu	Sjórnsýslusvið	2005-2008	Lokið á árinu 2008
7	Þróa upplýsingakerfi utan starfsstöðva fyrir lögreglu	Rekstrarsvið	2007-2008	Lokið fyrir júlí 2008
8	Koma upp DNA-gagnagrunni hjá lögreglu	Rekstrarsvið	2007-2008	Lokið í árslok 2008
9	Gera jafnréttisáætlun fyrir lögregluna	Sjórnsýslusvið	2007	Lokið í september 2007
10	Gera samninga um árangursstjórnun við lögregluembættin	Ríkislögreglustjóri	2007	Lokið í október 2007
11	Öll hugbúnaðarkerfi lögreglunnar rekin miðlægt	Rekstrarsvið	2007-2010	Lokið í árslok 2010
12	Innleiða nýjan vef með gagnvirkum samskiptum við upplýsingakerfi lögreglunnar	Rekstrarsvið	2007	Lokið í árslok 2007
13	Áhættuskoðun í umdæmum	Löggæslu- og öryggissvið	2007	Lokið í árslok 2007

<sup>1</sup> Að fenginni lagahéimild.

Nr.	Starfsemi/aðgerðir	Svið/deild/embætti	Tímarammi	Markmið
14	Sáttamiðlun í opinberum málum	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	2006-2008	Lokið í október 2008
15	Viljayfyrirýsing lögreglu og Sambands íslenskra sveitarfélaga	Ríkislögreglustjóri	2007	Lokið í desember 2007
16	Rannsókn á tíðni og eðli ofbeldisbrota	Stjórnsýslusvið	2007-2008	Lokið í árslok 2008
17	Búa öll ökutæki og lögregluhöfð Tetra-fjarskiptabúnaði	Löggæslu- og öryggissvið	2007	Lokið í maí 2007
18	Þróa starfs- og frammistöðumat fyrir lögregluna	Stjórnsýslusvið	2007-2008	Lokið um mitt ár 2008
19	90% útkallsþreifa verði útbúin radarbúnaði sem tengdur er myndavél	Löggæslu- og öryggissvið	2007	Lokið í árslok 2007
20	Taka upp hugbúnað til sjálfvirks álesturs númerplatna	Löggæslu- og öryggissvið	2008-2009	Lokið í árslok 2009
21	Endurnýja og fjölga eftirlitsmyndavélum í miðborg Reykjavíkur í samstarfi við Reykjavíkurborg	Löggæslu- og öryggissvið	2007-2009	Lokið í árslok 2009
22	Taka upp kostnaðarbókhald fyrir lögregluna	Rekstrarsvið	2007-2008	Lokið í árslok 2008
23	Tölvuvæðing lögregluþreifa	Löggæslu- og öryggissvið	2007-2011	Lokið í árslok 2011

## **Viðauki I**

Tímaáætlun 2007-2011

## Tímaáætlun 2007-2011: Árangursstjórnunarsamningar, löggæsluáætlun, stefnuáætlanir, ársáætlanir, ársskýrslur og matskýrslur

Embætti	Samningar/áætlanir/skýrslur	Skýrslur/skil	Tímabil	Endurskoðun	Ábyrgð/viðtakandi
Ríkislögreglustjóri	Árangursstjórnunarsamningur		apríl 2007 - apríl 2011	Endurskoðaður apríl 2011	Dómsmálaráðuneyti
*Ríkislögreglustjóri	Löggæsluáætlun til fjögurra ára	Matskýrsla apríl 2011 Tímabil 2007-2010	apríl 2007 - apríl 2011	Reglulega	Dómsmálaráðuneyti
Lögregluembætti (15)	Árangursstjórnunarsamningur		okt 2007 - okt 2011	Endurskoðaður okt 2011	Ríkislögreglustjóri
Lögregluembætti (15)	Stefnuáætlun til fjögurra ára	Matskýrsla mars 2011 Tímabil 2007-2010	des 2007 - des 2011	Reglulega	Ríkislögreglustjóri
Ríkislögreglustjóri	Ársáætlun	Skil des 2007, endurskoðuð jan 2008	jan-des 2008		Dómsmálaráðuneyti
Lögregluembætti (15)	Ársáætlun	Skil jan 2008	jan-des 2008		Ríkislögreglustjóri
Lögregluembætti (15)	Ársskýrsla	Skil mars 2008	jan-des 2007		Ríkislögreglustjóri
Ríkislögreglustjóri	Ársskýrsla	Skil maí 2008	jan-des 2007		Dómsmálaráðuneyti
Ríkislögreglustjóri	Ársáætlun	Skil des 2008, endurskoðuð jan 2009	jan-des 2009		Dómsmálaráðuneyti
Lögregluembætti (15)	Ársáætlun	Skil jan 2009	jan-des 2009		Ríkislögreglustjóri
Lögregluembætti (15)	Ársskýrsla	Skil mars 2009	jan-des 2008		Ríkislögreglustjóri
Ríkislögreglustjóri	Ársskýrsla	Skil maí 2009	jan-des 2008		Dómsmálaráðuneyti
Ríkislögreglustjóri	Ársáætlun	Skil des 2009, endurskoðuð jan 2010	jan-des 2010		Dómsmálaráðuneyti
Lögregluembætti (15)	Ársáætlun	Skil jan 2010	jan-des 2010		Ríkislögreglustjóri
Lögregluembætti (15)	Ársskýrsla	Skil mars 2010	jan-des 2009		Ríkislögreglustjóri
Ríkislögreglustjóri	Ársskýrsla	Skil maí 2010	jan-des 2009		Dómsmálaráðuneyti
Ríkislögreglustjóri	Ársáætlun	Skil des 2010, endurskoðuð jan 2011	jan-des 2011		Dómsmálaráðuneyti
Lögregluembætti (15)	Ársáætlun	Skil jan 2011	jan-des 2011		Ríkislögreglustjóri
Lögregluembætti (15)	Ársskýrsla	Skil mars 2011	jan-des 2010		Ríkislögreglustjóri
Lögregluembætti (15)	Matskýrsla	Skil lokamatskýrslu mars 2011	jan 2007 - des 2010		Ríkislögreglustjóri
Ríkislögreglustjóri	Matskýrsla	Skil lokamatskýrslu apríl 2011	jan 2007 - des 2010		Dómsmálaráðuneyti
Ríkislögreglustjóri	Ársskýrsla	Skil maí 2011	jan-des 2010		Dómsmálaráðuneyti

\* **Löggæsluáætlun:** tekur til fjögurra ára tímabils frá byrjun árs 2007 til loka árs 2010. Ársáætlun fyrir árið 2011 verður samþykkt í janúar það ár. Frá janúar til apríl 2011 verður úttekt gerð á löggæsluáætlun 2007-2011. Áætlað er að lokamatskýrsla verð tilbúin í apríl 2011 fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Löggæsluáætlun 2011-2015 mun meðal annars byggjast á niðurstöðum og upplýsingum um stöðu mála skv. lokamatskýrslu.

## Skilgreiningar:

### 1. Samningur um árangursstjórnun milli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og ríkislögreglustjóra

Samningur um árangursstjórnun kveður á um hlutverk og stefnu embættis ríkislögreglustjóra til næstu fjögurra ára. Meginhlutverk ríkislögreglustjóra er að leiða lögregluna í landinu og standa vörð um öryggi borgaranna, fara með daglega yfirstjórn lögreglu og almannavarna í landinu í umboði dóms- og kirkjumálaráðherra, gera tillögu til dóms- og kirkjumálaráðherra að löggæsluáætlun og sjá um framkvæmd staðfestrar löggæsluáætlunar.

### 2. Löggæsluáætlun 2007-2011

Ríkislögreglustjóri gerir tillögu að heildarstefnu í löggæslumálum með gerð löggæsluáætlunar til fjögurra ára í senn. Tillögunni verður skilað til dóms- og kirkjumálaráðherra. Ríkislögreglustjóri mun hafa frumkvæði að gerð samninga um árangursstjórnun við lögregluembættin, sem kveða á um áætlanir og markmið fyrir hvert umdæmi. Þeir miði að því að markmiðum löggæsluáætlunar verði náð. Ríkislögreglustjóri fylgir eftir framkvæmd samninga um árangursstjórnun og skilar skýrslu árlega þar sem fram kemur árangur af löggæslu ársins og mat hans á breyttum áherslum ef þörf krefur.

### 3. Samningar um árangursstjórnun milli ríkislögreglustjóra og lögregluembættanna

Samningur um árangursstjórnun kveður á um hlutverk og stefnu lögregluembættis til næstu fjögurra ára. Meginhlutverk lögregluembættis er að standa vörð um öryggi borgaranna í landinu. Samningur um árangursstjórnun mun kveða á um að lögregluembætti vinni stefnuáætlun til næstu fjögurra ára þar sem fram komi stefna þess, markmið og leiðir að markmiðum. Með samningi við embætti ríkislögreglustjóra skuldbindur lögregluembætti sig til að vinna að fyrir fram skilgreindum markmiðum sem kveðið er á um í löggæsluáætlun.

### 4. Stefnuáætlun lögregluembættanna 2007-2011

Í samningi um árangursstjórnun við lögregluembætti verður kveðið á um stefnuáætlun sem unnin skal af lögregluembætti og skilað embætti ríkislögreglustjóra. Stefnuáætlun er ætlað að taka mið af áherslum og markmiðum í löggæsluáætlun 2007-2011, stöðumati og stefnuáætlun fyrir árið 2007 sem embættið hefur unnið, auk matsskýrslu á landfræðilegum og lýðfræðilegum þáttum í viðkomandi lögregluumdæmi, sem unnin verður af embætti ríkislögreglustjóra.

### 5. Ársáætlun embættis ríkislögreglustjóra

Embætti ríkislögreglustjóra skilar dóms- og kirkjumálaráðuneytinu áætlun fyrir næsta ár í desembermánuði ár hvert. Ráðuneytið tekur afstöðu til þeirra áhersluatriða sem koma fram í áætluninni innan 30 daga og skal embætti ríkislögreglustjóra skila endurskoðaðri ársáætlun í janúar, þ.m.t. áætlunar um tiltekin verkefni á grundvelli langtímaáætlunar (löggæsluáætlunar).

### 6. Ársáætlun lögregluembættis

Lögregluembætti skilar embætti ríkislögreglustjóra áætlun fyrir komandi ár í janúar ár hvert og mun ríkislögreglustjóri taka afstöðu til hennar ef svo ber undir. Ársáætlun á m.a. að innihalda leiðir og verkefni á grundvelli langtímaáætlunar (stefnuáætlunar).

### 7. Ársskýrsla embættis ríkislögreglustjóra

Embætti ríkislögreglustjóra skal skila ársskýrslu til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í maímánuði ár hvert, þar sem gerð er grein fyrir árangri af starfi embættis ríkislögreglustjóra og lögreglustjóranna undanfarið ár með samanburði við þau markmið sem birt eru í ársáætlun.

### 8. Ársskýrsla lögregluembættis

Lögregluembætti skal skila ársskýrslu til embættis ríkislögreglustjóra í marsmánuði ár hvert, þar sem gerð er grein fyrir árangri af starfi embættisins undanfarið ár með samanburði við þau markmið sem birt eru í ársáætlun.



## **Viðauki II**

Helstu áherslur og markmið  
lögglunnar 2007-2011

## Helstu áherslur og markmið lögreglunnar 2007-2011

<b>Almannaöryggi</b>	
Stjórn neyðaraðgerða	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Í hverju lögregluumdæmi skal vera 10-15 manna hópur þjálfaður til starfa í aðgerðastjórnstöð umdæmisins. Í hópnum skulu vera fulltrúar lögreglu, slökkviliðs, svæðisstjórnar björgunarsveita, Rauða kross deildar, heilbrigðisstofnunar, sveitarfélags og aðrir sem talið er að búi yfir þekkingu og reynslu er nýttist við stjórnun neyðaraðgerða.</li> <li>➤ Fyrir aðgerðastjórnir skal halda námskeið sem er a.m.k. 16 klst. þar sem m.a. er farið í SÁBF-kerfið, vinnulag í stjórnstöðvum, notkun tækja og búnaðar stjórnstöðva og samstarf við aðrar stjórnstöðvar, auk „skrifborðsæfinga“.</li> <li>➤ Framhaldspjálfun og endurmenntun skal vera regluleg og skulu upprifjunarnámskeið sótt eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Upprifjunarnámskeið geta verið hluti af æfingum sem haldnar eru í umdæminu eða sérstök námskeið sem taka þá dag eða hluta úr degi.</li> <li>➤ Í lögregluumdæmum skulu a.m.k. tveir lögreglumenn sem þjálfaðir er sem vettvangsstjórar vera á hverri vakt.</li> <li>➤ Embætti ríkislögreglustjóra stendur fyrir sérhæfðu 35 klst. námskeiði í samvinnu við Lögregluskóla ríkisins, Brunamálaskólann og Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar þar sem m.a. er farið í SÁBF-kerfið, vinnulag í vettvangsstjórnstöðvum, notkun tækja og búnaðar stjórnstöðva, samstarf við aðgerðastjórnir og aðra stjórnendur, auk „skrifborðsæfinga“.</li> <li>➤ Í öllum þéttbýliskjörnum skulu vera virkar vettvangsstjórnir. Vettvangsstjórnir þéttbýliskjarna skulu bregðast tafarlaust við áföllum í heimabyggð sem eru umfangsmeiri en svo að dagleg neyðarþjónusta anni þeim og takast á við vandamál sem skapast í þéttbýliskjarnanum og sinna verkefnum sem þeim er úthlutað frá aðgerðastjórn. Einnig skulu þær sinna verkefnum sem lúta eingöngu að byggðinni þó svo að aðgerðastjórn taki ekki til starfa, t.d. aðgerðum vegna óveðurs.</li> <li>➤ Lokið skal þjálfun tilskilins fjölda stjórnenda í árslok 2008.</li> <li>➤ Framhaldspjálfun og endurmenntun skal vera regluleg og skulu upprifjunarnámskeið sótt eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Upprifjunarnámskeið geta verið hluti af æfingum sem haldnar eru í umdæminu eða sérstök námskeið sem taka þá dag eða hluta úr degi.</li> </ul>
Landamæraeftirlit	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Lögreglan skal leggja áherslu á að tryggja að landamæraeftirlit verði styrkt með áhættugreiningum og markvissum aðgerðum við framkvæmd eftirlits á landi, legi og vegna flugs í samstarfi við tollgæslu, Útlendingastofnun og Landhelgisgæslu Íslands.</li> </ul>
<b>Varnir gegn afbrotum</b>	
Verkefnamiðuð löggæsla	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Efla þarf getu lögreglumanna til að vinna með lögreglakerfið svo að það nýtist sem stjórnþæki. Lögð verður áhersla á að kenna ákveðnum starfsmönnum innan embættanna að taka saman upplýsingar úr kerfinu og nýta þær til greiningar á vandamálum í samfélaginu.</li> </ul>
Sáttamiðlun	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Stefna ber saman geranda brots og þolanda ef vilji er fyrir hendi með það fyrir augum að brotþoli geti sigrast á ótta sínum og reiði og þannig mögulega orðið öruggari með líf sitt en ella. Einnig er tilgangurinn sá að láta geranda taka ábyrgð á gjörðum sínum með því að setja hann inn í stöðu fórnarlambins. Þannig er reynt að koma í veg fyrir að hann endurtaki afbrot sín síðar.</li> </ul>
<b>Rannsóknir og fækkun afbrota</b>	
Ofbeldisbrot og þolendur	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Vinna skal að rannsókn þessara mála á skilvirkan og afkastamikinn hátt.</li> <li>➤ Endurskoða skal þjónustu lögreglunnar við brotþola.</li> <li>➤ Starfa skal með sérfræðingum að öflugri ráðgjöf fyrir þolendur afbrota og fylgja málum þeirra betur eftir en áður.</li> </ul>



Skipulögð glæpastarfsemi og fíkniefnabrot	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Lögreglan sé sérstaklega á varðbergi gagnvart nýjum aðferðum brotamanna, nýrri gerð brota og breyttu aðsetri brotamanna.</li> <li>➤ Afla skal upplýsinga um ætlaða brotastarfsemi, meta þær og miðla áfram kerfisbundið.</li> <li>➤ Efla skal kunnáttu og skilning allra lögreglumanna á skaðsemi skipulagðra afbrota þannig að aukin þekking á þeim hjá öllum embættum skili öflugra eftirliti og betra upplýsingastreymi en áður.</li> <li>➤ Almennir lögreglumenn taki í auknum mæli þátt í löggæslu og rannsóknum sem lúta að smærri málum varðandi eftirlit og afskipti af m.a. neytendum fíkniefna og dreifingu efnanna til þeirra, varðandi ólöglega innflytjendur, mansal eða aðra glæpastarfsemi þar sem ekki þarf að krefjast annarra vinnubragða en almennt eru viðhöfð.</li> <li>➤ Auka þarf sérþekkingu allra starfsmanna í fíkniefnamálum hjá lögregluembættunum. Þau geta með því lagt rannsóknarhópum stærri mála lið úr umdæmi sínu.</li> <li>➤ Lögreglustjórar taki árlega saman upplýsingar um þróun skipulagðra glæpa í umdæmi sínu.</li> </ul>
Umferðarmál	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Efla skal samræmt eftirlit allra lögregluumdæma.</li> <li>➤ Tryggja skal fullnægjandi löggæslu á vegum og á annatíma umferðar.</li> <li>➤ Stuðla skal að aukinni umferðarlöggæslu á þjóðvegum landsins.</li> <li>➤ Sporna skal við hraðakstri og ölvunarakstri.</li> <li>➤ Tryggja ber notkun bílbelta.</li> <li>➤ Stuðla skal að aukinni fræðslu um umferðaröryggismál til ungmenna.</li> <li>➤ Tryggja skal og efla samstarf við alla þá aðila sem að málaflokknum koma, s.s. Umferðarstofu, Vegagerðina, Rannsóknarnefnd umferðarslysa, sveitarfélög, tryggingafélög og aðra aðila sem málaflokkurinn varðar.</li> </ul>
Tölvu- og hátækniglæpir	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Efla skal sérþekkingu lögreglunnar í að rannsaka mál og afla sönnunargagna úr tölvum.</li> <li>➤ Vandað sé til frumrannsóknar slíkra mála.</li> </ul>
Aukin afköst og skilvirkni í málsmeðferð	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Huga skal sérstaklega að skipulagi opinberra mála og starfa í nánu sambandi við saksóknara og dómstóla.</li> <li>➤ Stuðla skal að einfaldara rannsóknarferli opinberra mála en nú tíðkast.</li> <li>➤ Auka ber skilvirkni og afköst við meðferð mála og tryggja þannig að mál komist fyrir til meðferðar fyrir dóm en þau gera nú.</li> <li>➤ Stytta ber rannsóknartíma og bæta rannsóknir samtímis.</li> <li>➤ Efla þarf kunnáttu og sérhæfingu rannsóknarmanna.</li> <li>➤ Vinna þarf að auknum rannsóknarheimildum og öðrum úrræðum í tækni og þekkingu sem geta haft áhrif á þróun rannsókna.</li> <li>➤ Nýta skal sérþekkingu sérhæfðra rannsóknaraðila og stofnana sem koma að fagsviði lögreglu.</li> </ul>
Umhverfislagabrot	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Efla ber eftirlit með að farið sé eftir umhverfisverndarlögum.</li> <li>➤ Samræma skal löggæslu hvað varðar aðgerðir og skipulagningu í vernd umhverfis.</li> <li>➤ Hvert umdæmi hafi með höndum löggæslu á sínum hluta hálendisins.</li> </ul>
Peningaþvætti og önnur fjármunabrot	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Efla skal starfsemi saksóknara efnahagsbrota.</li> <li>➤ Hraða ber afgreiðslu erinda á öllum stigum.</li> <li>➤ Hraða ber rannsóknum mála og málsmeðferð.</li> <li>➤ Fjölga þarf sérfræðingum hjá deildinni.</li> <li>➤ Viðhalda og auka ber þekkingu á viðfangsefnum deildarinnar.</li> <li>➤ Vanda skal frumrannsóknir svo að hægt sé koma höndum yfir hagnað af brotum og tryggja að hægt sé að leggja hald á verðmæti og kyrrsetja þau.</li> <li>➤ Vinna skal áfram að þróun á samstarfi við aðrar deildir með aukinni fræðslu og upplýsingagjöf þannig að verkefnum sem ekki ná yfir skatta- og</li> </ul>

	<p>efnahagsbrotarannsóknir eða meðferð peningþvættis verði í auknum mæli sinnt af staðarlögreglu.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Viðhalda skal öflugu samstarfi við peningastofnanir þannig að tryggt sé að þær miðli upplýsingum sem kunna að tengjast skipulagðri brotastarfsemi.</li> </ul>
<b>Þjónusta og samstarf</b>	
	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Auka skal samstarf lögreglu í hverju umdæmi við aðrar stofnanir ríkis og sveitarfélaga, svo sem tollgæslu, félagsmálayfirvöld og veitustofnanir.</li> <li>➤ Þjónusta lögreglunnar verði eflð þannig að hún geti brugðist við breytilegum þörfum samfélagsins og einstaklinga.</li> <li>➤ Ráðstafanir verði gerðar í samstarfi við lögreglustjóra til að auka öryggi og öryggis tilfinningu almennings með sýnilegri löggæslu.</li> <li>➤ Stuðlað verði að nánú samstarfi við nágrannaþjóðir á sviði löggæslu.</li> <li>➤ Unnið skal að því að fjölga eftirlitsmyndavélum í miðborg Reykjavíkur.</li> </ul>
<b>Innri starfsemi lögreglunnar</b>	
	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Þekking og hæfni lögreglunnar til þess að gæta almannaöryggis verði eflð og lögreglan gerð hæfari til þess að bregðast við á hættustundu.</li> <li>➤ Bæta skal starfsumhverfi lögreglumanna og efla siðferði innan lögreglunnar.</li> <li>➤ Félagastuðningur verði tekinn upp.</li> <li>➤ Starfsmannastefna verði endurskoðuð.</li> <li>➤ Þróun jafnréttisáætlunar verði haldið áfram.</li> </ul>

## **Viðauki III**

Stöðumat og stefnuáætlun

## **Stöðumat og stefnuáætlun**

Lögregluembættin munu árlega framkvæma stöðumat og stefnuáætlun. Ársáætlun mun að mestu byggjast á stefnuáætlun og ársskýrsla hvers embættis á stöðumati. Lögregluembættin eru nú að vinna að stöðumati og stefnuáætlun í fyrsta sinn og verður þeim skilað til embættis ríkislögreglustjóra fyrir lok apríl 2007. Eins og áður hefur komið fram mun stöðumat og stefnuáætlun fyrir árið 2007 verða haft til hliðsjónar við gerð samnings um árangursstjórnun milli embættis ríkislögreglustjóra og hvers lögregluembættis ásamt löggæsluáætlun og matskýrslu um landfræðilega og lýðfræðilega þætti í lögregluumdæminu.

Tilgangurinn með stöðumati er sá að hvert lögregluembætti taki stöðuna, marki sér framtíðarsýn og setji sér markmið ásamt því að móta nauðsynlegar áherslur og verkefni til að vinna að. Hér að neðan er farið yfir lykilþætti stöðumats og stefnuáætlunar sem lögregluembættin munu leggja árlega fram. Listinn er ekki tæmandi en er ætlað að gefa mynd af stöðu embættanna.

## Samantekt

Lögregluembættið í/á \_\_\_\_\_ í stuttu máli árið 2007

Megináherslur  
embættisins á árinu  
2007 verða:

Mikilvægustu verkefni  
embættisins verða:

**Þróun lögregluembættisins í/á \_\_\_\_\_**

### *Yfirlit síðustu þriggja ára*

	2004	2005	2006
Áherslur á tímabilinu:	■	■	■
Helstu verkefni:	■	■	■
Meginárangur:	■	■	■

### ***Hvað hefur gengið sérstaklega vel / ekki nógu vel sl. tvö ár?***

Hér að neðan gefur að líta mat lögregluembættisins í/á \_\_\_\_\_ á því hvað geti talist mjög árangursríkt á tímanum og hvað hafi tekist miður.

Hvað hefur gengið sérstaklega vel?

Hvað hefur ekki gengið nógu vel?

■	■
---	---

## Forgangsröðun

***Áherslur / aðgerðir 2007, 1. og 2. ársfjórðungur (janúar – júní)***

***Áherslur / aðgerðir 2007, 3. og 4. ársfjórðungur (júlí – desember)***

***Áherslur / aðgerðir 2008***

***Áherslur / aðgerðir 2009***

## Staða lögregluembættisins í/á \_\_\_\_\_ – SVÓT-greining

(S: styrkleikar, V: veikleikar, Ó: ógnanir, T: tækifæri – Um er að ræða greiningartæki sem notað er til að leggja mat á stöðuna og nauðsynleg viðbrögð við henni. Hvern þátt í matinu þarf að taka skrefinu lengra, með því t.d. að lýsa því hvernig eigi að hafa eftirlit með ógnunum, nýta tækifærin og svo framvegis.)

### Styrkleikar og nýting þeirra

Styrkleikar:

NÝTA með því að (aðgerðir):



### Veikleikar og uppræting þeirra

Veikleikar:

EYÐA með því að (aðgerðir):



### Ógnanir og eftirlit með þeim

Ógnanir:

EFTIRLIT með þeim (aðgerðir):



### Tækifæri og nýting þeirra

Tækifæri:

NÝTA með því að (aðgerðir):



## Hlutverkið og áherslur embættisins

### Núverandi hlutverk

Í 1. gr. lögreglulaga segir eftirfarandi um hlutverk lögreglu:

Að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi.

Að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins.

Að vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð opinberra mála eða öðrum lögum.

Að greiða götu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta steðjar að.

Að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirmælum laga eða venju eftir því sem þörf er á.

Að starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu.

Að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin í lögum eða leiðir af venju.

## Áherslur embættisins í ljósi hlutverksins og stöðumats

Hverjar ættu áherslur embættisins næstu misserin að vera í ljósi hlutverks og stöðumats (sbr. greiningu hér á undan)?

■...
■...
■...
■...

## Æskileg framtíðarstaða og meginleiðir

### Framtíðarsýn lögregluembættisins í/á \_\_\_\_\_ árið 2007

(Framtíðarsýn er lýsing á þeim árangri eða þeirri stöðu sem embættið vill hafa náð á árinu 2007.)

#### Lögregluembættið í/á \_\_\_\_\_ árið 2007:

Árangur sem stefnt er að ná fyrir lok 2007 (hafa ber í huga að unnt sé að mæla árangurinn):

▶
---

### Stefnan

Hvernig mun lögregluembættið í/á \_\_\_\_\_ í meginatriðum ná æskilegri framtíðarstöðu (framtíðarsýn)? Hvaða skref þarf að stíga / leiðir þarf að fara svo framtíðarsýn náist?

Lögregluembættið í/á _____ ætlar að ná æskilegri framtíðarstöðu með því að ...
--

## Markmið og stefnur

### Skammtíamarkmið fyrir 2007

Markmið 1	
Markmið 2	
Markmið 3	

**Undirstefnur** (Stutt lýsing á þeim leiðum sem á að fara til að vinna að hverjum málaflokki. Dæmi um málaflokka sem lögregluembætti kunna að vinna að eru: (a) rannsóknir og forvarnarstarf, (b) börn og ungmenni, (c) ofbeldisbrot og þolendur, (d) fíkniefnabrot, (e) hverfisgæsla, þjónusta og öryggi, (f) skipulögð glæpastarfsemi, (g) peningaþvætti og önnur fjármunabrot, (h) tölvu- og hátækni glæpir, (i) umhverfisbrot o.fl.)

Málaflokkur 1	
Málaflokkur 2	
Málaflokkur 3	

# Greining vinnutíma

## Skipting tíma starfsmanna


Hvernig skiptist tími starfsmanna eftir málaflokkum á árinu 2006?

(Tvísmellið á grafið fyrir neðan og þá má slá inn heiti málaflokka og hlutfall tíma fyrir viðkomandi málaflokk. Málaflokkarnir geta verið t.d. (a) umferðarefirlit, (b) fíkniefnaefirlit, (c) almennt efirlit, (d) rannsókn mála, (e) útköll.)

Athugasemdir:

Hvað myndi flokkast undir „Annað“?

### *DÆMI*




## Viðbragðstími

Hvernig er viðbragðstími embættisins?

(Tvísmellið á grafið að neðan og þá má slá inn (a) stysti tími, (b) meðaltími og (c) lengsti tími, í mínútum.)

### *DÆMI*





## Aðgerðir – samantekt eftir tímaröð

Aðgerð (Hvað á að gera?)	Ábyrgð og tími (Hver sinnir og hvenær?)	Mælikvarðar og eftirfylgni (Hvernig er árangur mældur og hvernig er eftirfylgni háttað?)

### Flöskuhálsar

Hvar liggja flöskuhálsar og hvað er hægt að gera til að losna við þá? Sett eru inn dæmi en hvert embætti má og ætti eftir því sem við á að bæta við fleiri þáttum. T.d. er spurt hér að neðan hvort flöskuhálsar séu í starfsumhverfi lögreglumanna. Með hugtakinu „flöskuháls“ er átt við atriði sem gera lögreglumönnum erfitt að sinna starfi sínu þannig að hámarksárangur náist. Ef flöskuhálsar eru fyrir hendi, hvetjir eru þeir, hvernig má losna við þá, hver ætti að gera það og hvenær?

**Hvaða flöskuhálsar eru fyrir hendi og hvar liggja þeir?**      **Leið til lausna**      **Ábyrgð og tími**

Í starfsumhverfi lögreglumanna?		
Í rannsóknnum?		